# FRÉTTABLAÐIÐ

211. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 7. SEPTEMBER 2018




FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá tökum við Skógafoss er að finna á Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

**Hópur á vegum Netflix lauk tökum fyrir þættina Lost in Space við Skógafoss í gær. Svæði næst fossinum var lokað. „Ferðamenn hafa ekki verið óhressir heldur hafa allir fengið að taka mynd af fossinum. Ferðamennskan og kvikmyndagerðin hafa unnið vel saman,“ segir Einar Sveinn Þórðarson, markaðsstjóri Pegasusar. Í dag verður tekið upp í fjörunni við Dyrhólaey.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Advania frestar skráningu

**VIÐSKIPTI** Hlutafjáraukning hjá Advania leiddi til þess að fjárhagslegt markmið náðust sem stefnt var að með skráningu. Advania, sem er með 1.300 starfsmenn, hyggur á mikinn vöxt á næstu árum. 60 prósent tekna Advania koma frá Svíþjóð og 30 prósent má rekja til Íslands. – **hvj /** **sjá síðu 8**

## Julevenner snýr aftur næstu jól



**MENNING** Julevenner, jólasýning rapparans Emmsjé Gauta sem sló í gegn um síðustu jól, verður aftur á dagskrá um næstu jól. Sýningin verður allt önnur í þetta sinn og nýir gestir bætast við. Miðasala hefst eftir helgi. – **sþh /** **sjá síðu 30**

# Ranglega upplýstur um stöðu lendingarbúnaðar

### Isavia þarf staðfestingu stjórnvalda á að uppsetning ILS-búnaðar á Akureyri verði fjármögnuð af ríkinu. Ráðherra segir framkvæmdina verða fullfjármagnaða en hefur ekki sagt Isavia það skriflega. Á meðan er framkvæmdin stopp.

**SAMGÖNGUMÁL** Uppsetning ILS-blindflugsbúnaðar við Akureyrarflugvöll strandar í samgönguráðuneytinu og svo virðist sem þingmenn séu ranglega upplýstir um framgang mála. Isavia hefur enn ekki fengið staðfestingu ráðuneytisins á fjármögnun verksins. Kostnaður við það nemur 180 til 200 milljónum króna. Búnaðurinn verður ekki kominn upp fyrir upphaf millilandaflugs í vetur.

„Mér var tjáð í sumar að það yrði farið í framkvæmdina og hún fullfjármögnuð. Fyrir tveimur vikum síðan fékk ég svo að vita að bréf þess efnis hefði farið frá ráðuneytinu,“ segir Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. „Svo virðist sem það bréf hafi enn ekki borist Isavia og ef svo er, að bréfið hafi ekki farið á milli aðila, þá er verulega slæmt og alvarlegt að vera ranglega upplýstur í málinu og eiginlega með ólíkindum.“



**Sigurður Ingi Jóhannsson og Njáll Trausti Friðbertsson**

Uppsetning búnaðarins skiptir sköpum fyrir erlend flugfélög sem vilja fljúga norður að vetri til.

Guðjón Helgason, upplýsingafulltrúi Isavia, staðfestir að félagið hafi ekki enn fengið skjalfest að verkefnið verði fjármagnað að fullu.

Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra segir það alveg ljóst að framkvæmdin verði fjármögnuð. Hins vegar hafi framkvæmdin verið dýrari en fyrst var talið. „Ef menn segjast hafa fengið rangar upplýsingar, þá þarf að fara vandlega yfir það,“ segir Sigurður Ingi. – **sa /** **sjá síðu 6**

## Hver skrifaði bréfið?



**BANDARÍKIN** Fréttablaðið rýnir í mögulega höfunda nafnlauss bréfs sem birtist í The New York Times á miðvikudaginn og vakti heimsathygli. – **þea /** **sjá síðu 6**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson fjallar um sjálfhverfu kynslóðina og óeigingjörnu kynslóðina. **11**

**SPORT** Hörður Björgvin er bjartsýnn á að ná leiknum gegn Sviss. **12**

**MENNING** Andlitsmyndir úr ull á sýningu í Safnahúsi Borgarfjarðar. **20**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
● **FÓLK** ● **SAMGÖNGUR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




+PLÚS







# Tökulið Netflix vekur lukku ferðamanna

Tökur á nýrri þáttaröð Netflix, Lost in Space, vöktu mikla lukku meðal ferðamanna við Skógafoss. Tökuliðið verður einnig að störfum við Dyrhólaey en heldur af landi brott innan fárra daga. Þættirnir er eitt dýrasta verkefni sem Netflix hefur ráðist í.



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR






## Veður




Í dag er útlit fyrir suðaustan 8 til 13 metra á sekúndu, en hvassari með suður- og vesturströndinni. Skýjað að mestu og sums staðar lítilsháttar væta, en þurrt og bjart veður norðanlands. SJÁ SÍÐU 18

# Fjör á Ási



Það er óhætt að segja að það hafi verið mikil stemning og gott andrúmsloftið þegar ljósmyndari Fréttablaðsins leit inn á smíðaverkstæðið á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði. Þar gátu gestir og gangandi virt fyrir sér ýmsa fallega muni og gætt sér á fínasta pinnamat. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Sögð hafa svikið 30 milljónir af aldraðri frænku

**DÓMSMÁL** Akureyrsk kona á fimmtugsaldri hefur verið ákærð fyrir fjársvik með því að hafa blekkt aldraða frænku sína til að láta sig hafa 30 milljónir króna.

Lánið, sem átti að nota til húsnæðiskaupa, ætlaði konan að endurgreiða eftir þjá mánuði þegar hún hefði fengið greiðslumat og bankalán. Hún var bæði atvinnulaus og á örorkubótum.

Aldraða konan á að hafa tekið peningana út í reiðufé og afhent frænku sinni í plastpoka. Peningana notaði konan meðal annars til að kaupa bifreið og tölvu.

**» Konan er sögð hafa nýtt sér hrekkleysi og fákunnáttu aldraðrar frænku sinnar til að svíkja út úr henni 30 milljónir króna.**

Í ákærunni segir að þegar gamla konan hafi farið að inna frænku sína eftir endurgreiðslu hafi sú síðarnefnda neitað að hafa tekið við fénu. Konan heimsótti aldraða frænku sína í kjölfarið, í fylgd móður sinnar, og fékk hana til að skrifa undir skuldayfirlýsingu um 30 milljóna vaxtalaust lán, eftir af fúsum og frjálsum vilja, og án upplýsinga um gjalddaga þess.

„Með þessu atferli sveik ákærða út úr brotaþola nefnda fjárhæð vitandi um ómöguleika sinn að greiða fjárhæðina til baka og notaði sér andlegt og líkamlegt ástand brotaþola, hrekkleysi hennar og fákunnáttu í peningamálum til að afla sér þessara fjármuna með svikum,“ segir í ákæru.

Málið verður þingfest í Héraðsdómi Norðurlands eystra 10. september. – jóe

# Hætta vegna laxasamnings



**SAMFÉLAG** Fjórtán meðlimir kokkalandsliðsins hafa sagt sig úr félagsskapnum eftir að stjórn þess skrifaði undir styrktarsamning við Arnarlax.

Ástæðan er framleiðsluhættir fyrirtækisins sem kokkarnir segja vera „ógn við villta laxa- og silungastofna og hafa margvísleg neikvæð umhverfisáhrif á lífríki Íslands,“ eins og Ylfa Helgadóttir, kokkalandsliðsmaður orðaði það á Facebook í gærkvöld.

Sturla Birgisson, sem sagði sig úr klúbbi matreiðslumeistara í gær vegna málsins, sagði það vera grátlegt að „klúbburinn hafi látið glepjast fyrir fé og sé að auglýsa norskan eldislax sem alinn er í opnum sjókvíum við landið.“ – bg

# Er stundum ruglað saman við Amish-fólk

**Tvær tvítugar stúlkur frá Utah-ríki í Bandaríkjunum eru komnar til Íslands til að boða mormónatrú. Þær segjast spenntar fyrir verkefninu en viðurkenna að íslenskunámið gangi hægt. Þær eru fyrstu kvenkyns trúboðarnir hérlendis.**

**SAMFÉLAG** „Við erum mjög spenntar fyrir dvöl okkar hér á Íslandi,“ segja þær Emilee Matheson og Taylor Sanford sem munu dvelja hér á landi næstu þrjá mánuðina við mormónatrúboð. Þær eru báðar tvítugar að aldri og koma frá Utah-ríki í Bandaríkjunum.

„Við vissum það bara fyrir um mánuði að við værum að koma til Íslands. Ég var svo spennt að ég þurfti að setjast niður þegar ég fékk fréttirnar,“ segir Emilee.

Um tvö hundruð manns eru í söfnuðinum á Íslandi og eru að jafnaði átta trúboðar að störfum í einu. Þær Emilee og Taylor eru fyrstu kvenkyns trúboðarnir sem koma til starfa hérlendis.

„Við erum byrjaðar að læra íslensku en það gengur mjög hægt. Vonandi náum við því að geta haldið uppi einföldum samræðum áður en við förum héðan. Við viljum læra eins mikið og við getum en þetta er erfitt tungumál,“ segir Emilee.

Á heimsvísu eru starfandi 75 þúsund trúboðar og er hver þeirra við störf í átján mánuði en allt eru þetta sjálfboðaliðar. Emilee og Taylor voru sendar til Danmerkur þar sem þær dvöldu í fimmtán mánuði áður en ákveðið var að senda þær til Íslands til að verja síðustu þremur mánuðunum.

Þær segja viðtökurnar við boðskapnum misjafnar en langflestir séu kurteisir þótt þeir hafi ekki áhuga. Margir séu samt áhugasamir og vilji ræða við þær um guð og trúna. Það komi þó reglulega fyrir að fólk haldi að þær séu Amish-fólk en flestir séu ágætlega upplýstir.

Taylor segir að fólk sé forvitið um



Emilee Matheson og Taylor Sanford gerðu báðar hlé á háskólanámi til að sinna mormónatrúboði í átján mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Fólki finnst þetta skrýtin tilhugsun, að ungt fólk sé að gera þetta.**

Taylor Sanford, mormónatrúboði

það hvers vegna þær séu komnar alla þessa leið til að boða trú sína fyrir ókunnugu fólki. „Fólki finnst þetta skrýtin tilhugsun, að ungt fólk sé að gera þetta. Við erum að þessu því þetta veitir okkur hamingju og við viljum að aðrir séu líka hamingjusamir.“

Þær segja að það sé engin pressa á trúboðunum að ná að snúa fólki til mormónatrúar. „Það skiptir ekki máli hversu mörgum við náum til okkar. Þegar við vorum í Danmörku fórum við út og hittum fólk á hverjum einasta degi. Ég hitti bara eina manneskju sem ákvað að láta skíra sig til mormónatrúar. Það var frábært að upplifa það,“ segir Emilee.

Báðar koma þær úr fjölskyldum trúboða. Pabbi Emilee var trúboði í Póllandi og mamma hennar í Texas. Þá á hún tvær systur sem voru trúboðar í Argentínu og á Fídjíeyjum. Pabbi Taylor var trúboði í Japan og systir hennar í Síle.

Þegar þær fara aftur heim til Utah er stefnan að halda áfram háskólanámi sem þær gerðu hlé á. Emilee stundaði nám í alþjóðastjórnmálum en Taylor stefnir á að verða kennari.

sighvatur@frettabladid.is

Sole Grillbúðin
Keramik innrauðir stuttbylgju hitarar


32.900
Fjarstýring fylgir

Henta mjög vel til að hita upp sólpalla, svalir, lokaðar svalir og útisvæði veitingahúsa
Opið virka daga 11-18
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400

KRÓNAN

# Ný íslensk uppskera

Hjá bónda í gær ... hjá okkur í dag

Hvítkál
**280** kr. kg

Kartöflur í lausu
**349** kr. kg

Sveppir í lausu
**949** kr. kg

Blómkál
**599** kr. kg

Tómatar í lausu
**460** kr. kg

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# Óvíst hvort nokkuð fáist upp í milljóna tjón Hörpu og Sigur Rósar

**DÓMSMÁL** „Málið er komið í það horf sem til þarf til að komast að því hvort það séu einhverjar eignir þarna,“ segir Baldvin Björn Haraldsson, lögmaður Hörpu ohf. sem staðið hefur í málarekstri gegn tónleikahaldaranum Kára Sturlusyni og félagi hans, KS Productions slf., til að endurheimta þær 35 milljónir króna af miðasölutekjum sem Kári fékk fyrirframgreiddar vegna tónleika Sigur Rósar í desember síðastliðnum.

Fréttablaðið greindi frá því fyrst í september í fyrra að 35 milljónir af miðasölutekjunum væru horfnar. Í nóvember fór Harpa fram á kyrrsetningu á öllum eignum Kára og KS Productions til að tryggja hagsmuni Hörpu og hljómsveitarinnar auk þess sem Kára var stefnt til greiðslu á 35 milljónunum.

Kyrrsetningin var staðfest en reyndist árangurslaus að hluta þar sem eignir nægðu ekki upp í kröfuna



Kári Sturluson.

og óskaði Harpa ohf. því eftir gjaldþrotaskiptum á Kára og félaginu.

Héraðsdómur úrskurðaði Kára og félagið gjaldþrota í maí og staðfesti Landsréttur það mánuði síðar.

Þegar ljóst varð að þrotameðferð væri hafin á Kára og KS Productions var kyrrsetningarmálið fellt niður af Hörpu. Skiptastjóri þrotabús Kára krafði þá Hörpu um málskostnað og féllst héraðsdómur á að Hörpu bæri að greiða Kára 400 þúsund krónur í málskostnað en Landsréttur sneri þeirri niðurstöðu við. Harpa slapp því við málskostnaðinn.

Staðan nú er því sú að skiptastjóri vinnur að því að finna eignir upp í kröfur Hörpu í málinu.

Fram hafði komið fyrir dómi í málinu að Harpa og Sigur Rós hefðu skipt með sér 35 milljóna króna tapinu á sínum tíma svo tónleikarnir gætu farið fram. Hvort það fjárhagstjón sem af gjörningnum varð fáist bætt veltur því nú á því hvort skiptastjóra takist að finna nægar eignir upp í kröfuna og takist betur upp en í árangurslausu kyrrsetningunni sem reynd var áður. **– smj**

# Telja Þjóðgarðastofnun skerða rétt sinn

**Á fjórða tug athugasemda bárust við drög að frumvarpi um stofnun Þjóðgarðastofnunar. Í drögunum eru þjóðgarðar og stjórnsýsla þeirra sameinuð. Stefnt er að aukinni skilvirkni en athugasemdir snúa margar að því að fyrirkomulagið muni hægja á stjórnsýslunni.**

**STJÓRNSÝSLA** Fjölmörg sveitarfélög óttast að fyrirhuguð Þjóðgarðastofnun (ÞST) muni skerða skipulags- og sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Í umsögnum annarra aðila er bent á að stjórnkerfi stofnunarinnar verði flókið og ekki til þess fallið að einfalda stjórnsýslu.

Drög að frumvarpi um fyrirhugaða stofnun voru kynnt í samráðsgátt ríkisstjórnarinnar í júlílok. Með frumvarpinu er stefnt að því að þjóðgarðarnir þrír, það er Vatnajökulsþjóðgarður, þjóðgarðurinn Snæfellsjökull og þjóðgarðurinn á Þingvöllum, verði sameinaðir undir einum hatti ásamt öðrum friðlýstum svæðum landsins. Drögin eru byggð á vinnu starfshóps sem skipaður var um efnið. Frestur til athugasemda rann út í fyrradag en á fjórða tug slíkra bárust.

Breytingarnar miða að því að efla náttúruverndarsvæði með því að einfalda stjórnkerfi, auka skilvirkni og samnýta þekkingu. Í umsögn Umhverfisstofnunar (UST) er dregið í efa að það markmið muni nást. Verði drögin óbreytt að lögum er gert ráð fyrir því að UST muni halda áfram starfsemi en þrjú af tólf sviðum hennar muni færast til ÞST.

„Út frá sjónarmiðum um að hámarka nýtingu fjármagns hins opinbera og tryggja öfluga fjárhagslega og faglega stjórn telur UST rökréttast að [þjóðgarðarnir] og UST sameinist. Þannig yrði starfsemi allra þjóðgarðanna vistuð á einum stað,“ segir meðal annars í umsögn UST. Þar segir enn fremur að fyrirhugað stjórnkerfi ÞST sé nokkuð flókið og vart til þess fallið að gera stjórnsýslu einfaldari.

„Gert er ráð fyrir fjölda ráða og stjórna án þess að hlutverk þeirra, ábyrgðarsvið, valdheimildir o.s.frv. sé skilgreint. [...] Í frumvarpinu er nokkur mótsögn þar sem tiltekið er að markmiðið sé að sameina rekstur og umsýslu allra friðlýstra svæða undir einn hatt en engu að síður er lögð áhersla á að hver þjóðgarður haldi sínu sjálfstæði,“ segir í umsögn UST.



**Vatnajökulsþjóðgarður er stærstur þjóðgarðanna þriggja. Í frumvarpsdrögunum er meðal annars gert ráð fyrir því að heimilt verði að rukka fyrir dvöl í þjóðgörðum og að banna megi akstur jeppa á Vatnajökli.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í drögunum er kveðið á um að samráð skuli haft við viðkomandi sveitarstjórn áður en landsvæði er friðlýst sem þjóðgarður. Er það breyting frá gildandi fyrirkomulagi en í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð er kveðið á um að samþykki sveitarstjórnar skuli liggja fyrir.

„Það er stór munur á hvort samráð skuli haft eða að hugmyndir hljóti samþykki viðkomandi sveitarstjórnar. [...] Krafa er gerð um að samþykki viðkomandi sveitarstjórnar þurfi að liggja fyrir. Ákvæði sem þetta skapar einungis vantrú og vantraust á milli aðila, sem fólk í nútíma samfélagi ætti að hafa fullan skilning á,“ segir í umsögn Ásahrepps um frumvarpið. Svipaður tónn er í umsögn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Bláskógabyggðar og Sambands íslenskra sveitarfélaga þó ekki sé kveðið jafn fast að orði.

Nokkuð víðtæk heimild til eignarnáms felst í lögunum en ÞST verður samkvæmt þeim heimilt að kaupa einstakar fasteignir, mannvirki og nytjaréttindi innan þjóðgarðs eða í nágrenni hans. Náist ekki samkomulag um kaup er ÞST veitt heimild til eignarnáms til framkvæmdar friðunar. Samþykki ráðherra þarf til.

„Hér er verið að veita ÞST heimild, t.d. að kaupa nytjarétt sem hefur m.a. verið lögvarinn með úrskurði Óbyggðanefndar þegar um er að ræða afrétti á þjóðlendum. Það er alveg ljóst, með úrskurði Óbyggðanefndar, að hinum óbeina eignarrétti nytjarétthafa á afréttum verður ekki hnikað, nema með eignarnámi. Hér liggur það fyrir, svart á hvítu, að það er hluti af hugmyndafræðinni sem liggur að baki þessara draga að frumvarpi,“ segir í umsögn Ásahrepps.

Í umsögn Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja á Íslandi, er sett út á það að gert sé ráð fyrir að stjórnsýslulög muni ekki gilda um stjórnir þjóðgarðanna. Er það gert með þeim rökum að ekki sé gert ráð fyrir að þær taki stjórnvaldsákvarðanir. Það samrýmist hins vegar illa því hlutverki sem stjórnunum er falið samkvæmt drögunum.

Þá er í drögunum gert ráð fyrir því að heimilt sé að rukka fyrir ýmsa þjónustu í þjóðgörðum, meðal annars fyrir dvöl í þeim.
**joli@frettabladid.is**

**Þjóðgarðastofnun var vinnuheiti við gerð frumvarpsdraganna en óskað var eftir nýjum tillögum að nafni. Þessar tillögur voru meðal þeirra sem bárust.**

- Náttúruvernd Íslands
- Þjóðvangar Íslands
- Þjóðvangastofnun
- Náttúruverndin
- Náttúra Íslands
- Friðlýst svæði á Íslandi
- Náttúruvættastofa
- Landvörður
- Auður Íslands

FLOREALIS

Sefitude — ný meðferð við kvíða og svefntruflunum

Ert þú að fást við svefntruflanir eða kvíða?
Sefitude er viðurkennt jurtalyf unnið úr rót garðabrúðu.
Styttir tímann til að sofna og bætir gæði svefns.

**Notkun** Við vægum kvíða: fullorðnir, 1 tafla á dag allt að 3 á dag. 12–18 ára: 1 tafla á dag allt að 2 á dag.
Við svefntruflunum: fullorðnir og eldri en 12 ára: 1 tafla ½–1 klukkustund fyrir svefn. Ekki ráðlagt börnum yngri en 12 ára, þunguðum konum eða konum með börn á brjósti. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Leitið læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir.
Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.




Fæst í öllum helstu apótekum án lyfseðils

florealis.is/sefitude

# RISA

# TAX FREE

# DAGAR

## 6.-10. september

**Taxfree* af öllum fatnaði, öllum skóm, öllum leikföngum, öllum heimilisvörum, öllum F&F fatnaði og öllum snyrtivörum.**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti.

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

# Hver skrifaði bréfið?

Bréf ónefnds háttsetts embættismanns innan ríkisstjórnar Bandaríkjanna í The New York Times vekur athygli. Bréfritari segir samstarfsmenn forseta vinna gegn honum.

## Opinberar erjur

Umfjallanir um ríkisstjórnina hafa sýnt fram á að samband Trumps við marga undirmenn er stirt. Horft hefur verið til þeirra sem hafa átt í erjum við forsetann.

Don McGahn, lögmaður Hvíta hússins, er einn þeirra. Hann er sjálfur á útleið í vor og hefur litlu að tapa. John Kelly starfsmannastjóri er annar, er sagður hafa sagt forsetann fábjána í óútkominni bók Bobs Woodward. Kirstjen Nielsen heimavarnarráðherra hefur lent saman við Trump og er sögð hafa hótað því að segja upp. James Mattis varnarmálaráðherra er sagður hafa líkt Trump við barn í bók Woodwards. Jeff Sessions dómsmálaráðherra kemur lika til greina en Trump er sagður hafa kallað Sessions „þroskaheftan“ í fyrrnefndri bók.



**Jeff Sessions dómsmálaráðherra.**

## Rótgrónir valdamenn

Meðan á forkosningunum stóð lýstu fæstir valdamenn innan Repúblikanaflokksins stuðningi við Trump í fyrstu enda voru mörg stefnumála hans í beinni andstöðu við stefnu flokksins. Í bréfinu segir að áherslur forsetans séu allt aðrar en flestra ráðherra hans. Hann lofi til að mynda Pútín Rússlandsforseta opinberlega á meðan ráðherrar lasta hann. Einnig er dregið fram nafn Johns McCain, nýlátins þingmanns, í bréfinu en hann var aldrei stuðningsmaður Trumps þrátt fyrir að vera í sama flokki.

Horft hefur verið til ýmissa embættismanna í þessu samhengi. Dan Coats, yfirmaður öryggisstofnana, á langan feril sem stutt er eftir af og hefur því litlu að tapa. Nikki Haley, sendiherra hjá SÞ, var harður andstæðingur Trumps og vill mögulega fjarlægjast forsetann, enda orðuð við forsetaframboð sjálf í framtíðinni.



**Nikki Haley, sendiherra hjá SÞ.**



The New York Times

With a Barb, Trump Blurs A Legal Line

DEMOCRATS HURL FIERCE BARRAGE AT COURT CHOICE

Opinion

I Am Part of the Resistance Inside the Trump Administration

I work for the president but like-minded colleagues and I have vowed to thwart parts of his agenda and his worst inclinations.

Woodward's Sprawling Exposé Depicts White House in Chaos

## Orðanotkun og stíll



**Larry Kudlow ráðgjafi.**

Augu margra beindust strax að Mike Pence varaforseta í ljósi notkunar á orðinu „leiðarstjarna“ (e. lodestar) í bréfinu. Sjálfur hefur Pence notað það orð oftsinnis í ræðum og viðtölum. Pence hefur, líkt og flestir, hafnað því að hafa skrifað bréfið.

Trump er lofaður fyrir að lækka skatta og draga úr reglugerðum en lastaður fyrir aðför að milliríkjaviðskiptum í bréfinu. Þetta þykir benda til þess að einhver á sviði efnahagsmála gæti hafa skrifað bréfið.

Steven Mnuchin efnahagsmálaráðherra hefur verið orðaður við bréfaskrifin sem og Kevin Hassett, formaður ráðs efnahagsráðgjafa forsetans.

Með orðanotkun og efnahagsmál í huga hefur Larry Kudlow, helsti efnahagsmálaráðgjafi forsetans, einnig verið nefndur. Sá hefur einnig talað um leiðarstjörnur. Bent hefur verið á notkun hagfræðihugtaka, mikla notkun bandstrika og fjölda setninga sem byrja á „En“ sem rökstuðning fyrir því að Kudlow hafi skrifað bréfið. Séu eldri greinar Kudlows skoðaðar passar bandstrika- og en-notkun þar við ritstíl hins óþekkta höfundar, að minnsta kosti í einhverjum tilfellum. **thorgnyr@frettabladid.is**

## Eða einhver allt annar

Auðvitað er mögulegt, jafnvel líklegt, að einhver allt annar hafi skrifað bréfið en þau sem hér eru nefnd á nafn. Í umfjöllun CBS kom fram að hundruð gætu kallað sig „háttsetta embættismenn“.

Stuðningsmenn forsetans hafa svo haldið því fram að bréfið hafi einfaldlega verið skáldað. Það verður að teljast afar ólíklegt miðað við sögu The New York Times.

Nate Silver, ritstjóri FiveThirtyEight og talnagúrú, sagði á Twitter í gær að mögulega væri um að ræða lítt þekktan einstakling sem ætlaði sér að afhjúpa sig síðar til að auka á frægð sína og hagnast á skrifunum.


## Á Ísland að taka upp orkulöggjöf Evrópusambandsins?

**Hvers vegna? Hvers vegna ekki? Skiptir valdaframsal til erlends ríkjasambands máli eða ekki? Gerist eitthvað ef Íslendingar afþakka Evrópulögin?**

**Ísafold, Herjan og Heimssýn boða til opins fundar um orkumál í stofu HT105 á Háskólatorgi í Háskóla Íslands kl. 17.30 mánudaginn 10. september næstkomandi.**

**Fulltrúar þingflokka munu ávarpa fundinn og opið verður fyrir fyrirspurnir.**

**Allir velkomnir**
**Heimssýn**

Heimssýn – Hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum · HERJAN · Ísafold – félag ungs fólks gegn ESB aðild

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á VEFSÍÐUNNI OKKAR
www.skornirthinir.is

# ÖRUGG SKREF ÚT Í LÍFIÐ

í fyrstu skónum frá Biomecanics



Biomecanics-skórnir auðvelda börnum að taka fyrstu skrefin. Aukinn stuðningur frá hliðunum bætir jafnvægi og eykur stöðugleika. Börnin komast auðveldar áfram og af meira öryggi þökk sé sveigjanlegum sóla og sérstyrktri tá.



biomecanics

Stærðir: 18–24
Verð: **7.995**
Margir litir

skórnir þínir
SMÁRALIND • 2 HÆÐ




ILS-lendingarbúnaður þykir nauðsynlegur ef stunda á millilandaflug til og frá Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Segist hafa fengið rangar upplýsingar

**SAMGÖNGUMÁL** Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýnir að hafa fengið rangar upplýsingar í samgönguráðuneytinu um uppsetningu ILS-lendingarbúnaðar við Akureyrarflugvöll. Isavia þurfi fullvissu frá yfirvöldum um að þau greiði uppsetningu lendingarbúnaðar. Að öðrum kosti verði ekki farið í framkvæmdina.

Njáll Trausti segist hafa fengið þær upplýsingar fyrir um tveimur vikum að bréf þess efnis hefði farið úr ráðuneytinu til Isavia. Fyrirtækið kannist hins vegar ekkert við það bréf.

Guðjón Helgason, upplýsingafulltrúi Isavia, staðfestir að félagið hafi ekki enn fengið skjalfest að verkefnið verði fjármagnað að fullu. Hann segir fyrirtækið vera tilbúið til að hefja framkvæmdir. Hins vegar verði það ekki gert fyrr en fjármögnun liggi fyrir hjá ráðuneytinu. „Við hjá Isavia höfum undirbúið uppsetningu á ILS-búnaði á Akureyrarflugvelli í góðu samstarfi við samgönguráðuneytið. Sú vinna er í fullum gangi,“ segir Guðjón. „Við erum að ljúka þeim undirbúningi þannig að hægt sé að bjóða verkið út um leið og fjármögnun liggur fyrir. Við bíðum eftir staðfestingu frá ráðuneytinu um að verkefnið sé fjármagnað að fullu.“

> **Ef svo er, að bréfið hafi ekki farið á milli aðila, þá er verulega slæmt og alvarlegt mál að vera ranglega upplýstur.**
>
> Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins



„Mér var tjáð í sumar að það yrði farið í framkvæmdina og hún fullfjármögnuð. Fyrir tveimur vikum síðan fékk ég svo að vita að bréf þess efnis hefði farið frá ráðuneytinu til Isavia,“ segir Njáll Trausti, sem er þingmaður Norðausturkjördæmis og flugumferðarstjóri. „Svo virðist sem það bréf hafi enn ekki borist Isavia og ef svo er, að bréfið hafi ekki farið á milli aðila, þá er verulega slæmt og alvarlegt mál að vera ranglega upplýstur í málinu og eiginlega með ólíkindum.“

Búnaðurinn verður ekki kominn upp fyrr en á næsta ári. Uppsetning hans skiptir sköpum fyrir erlend flugfélög sem vilja fljúga norður að vetri til. Allir innviðir eru til staðar fyrir ferðamenn. Einnig hafa stjórnvöld talað um að mikilvægt sé að bæta við gáttum inn í landið til að dreifa ferðamönnum betur.

Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra segir það alveg ljóst að framkvæmdin verði fjármögnuð. Hins vegar hafi hún verið dýrari en fyrst var talið. „Það er enn alveg ljóst að verkefnið verður fjármagnað og það hefur ekkert breyst. Ef menn segjast hafa fengið rangar upplýsingar, þá þarf að fara vandlega yfir það,“ segir Sigurður Ingi. **– sa**

**Fyrirtækjafræðsla Íslandsbanka**



# Keyrir þú áfram hagvöxt?

## Efnahagsleg áhrif lítilla og meðalstórra fyrirtækja

Íslandsbanki stendur fyrir opnum fundi um málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sem eru meginþorri fyrirtækja á Íslandi. Þau drífa áfram hagvöxt, skapa atvinnu fyrir fjölda fólks og eru mikilvæg þegar kemur að fjárfestingum og nýjungum. Fundurinn fer fram á Hilton Reykjavík Nordica miðvikudaginn 12. september, kl. 16–18.

**Dagskrá:**

**16:00** **Ávarp**
*Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptabankasviðs Íslandsbanka*

**16:10** **Efnahagsleg áhrif lítilla og meðalstórra fyrirtækja**
*Magnús Árni Skúlason, hagfræðingur hjá Reykjavík Economics*

**16:35** **Skapandi hugsun (Design thinking)**
*Þórey Vilhjálmsdóttir og Hlín Helga Guðlaugsdóttir, ráðgjafar hjá Capacent*

**16:55** **Pallborðsumræður**
*Edda Hermannsdóttir, samskiptastjóri Íslandsbanka stýrir pallborðsumræðum þar sem taka þátt:*
- *Arnar Bjarni Eiríksson, eigandi Landstólpa ehf /Fjölskyldubúsins ehf*
- *Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Gæludýr.is*
- *Ólafur Nielsen, framkvæmdastjóri Kolibri*

Í lok fundar verður boðið upp á léttar veitingar.

**Skráning á fundinn fer fram á islandsbanki.is**

miðvikudaginn 12. september, kl. 16–18

Hilton Reykjavík Nordica

islandsbanki.is

# Advania frestar skráningu á markað

**Hlutafjáraukning hjá Advania leiddi til þess að fjárhagsleg markmið náðust sem stefnt var að með skráningu. Advania, sem er með 1.300 starfsmenn, hyggur á mikinn vöxt. 60 prósent tekna Advania koma frá Svíþjóð og 30 prósent má rekja til Íslands.**

**VIÐSKIPTI** Forsvarsmenn Advania hafa slegið því á frest að skrá fyrirtækið á hlutabréfamarkað í Svíþjóð í kjölfar hlutafjáraukningar hjá fyrirtækinu. Við hana var þeim fjárhagslegum markmiðum náð sem stefnt var að með skráningu. Fyrirtækið, sem er með 1.300 starfsmenn, hyggur á mikinn vöxt, að minnsta kosti tvöföldun á fáeinum árum, til að geta betur keppt á Norðurlöndunum. Ekki hafði verið horft til íslenska hlutabréfamarkaðarins um nokkurt skeið vegna smæðar hans. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum eignuðust VIA equity, leiðandi fjárfestingarsjóður í Norður-Evrópu, og PFA, stærsti lífeyrissjóður Danmerkur, 30 prósenta hlut í Advania á þriðjudag. Samkvæmt heimildum blaðsins keyptu sjóðirnir hlutabréf af hluthöfum og lögðu fram aukið hlutafé.

„Skráning á hlutabréfamarkað er einn af þeim valmöguleikum sem eigendur Advania hafa ávallt litið til, til að efla fjárhagslegan styrk fyrirtækisins og nýta hann til að halda áfram að vaxa. Með tilkomu VIA equity og PFA hefur dregið úr líkunum á að af skráningu á markað verði á næstu misserum," segir Gestur G. Gestsson, forstjóri Advania, í samtali við Fréttablaðið.



VIA equity, fjárfestingarsjóður í Norður-Evrópu, og PFA, stærsti lífeyrissjóður Danmerkur, hafa eignast 30 prósenta hlut í Advania. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


Gestur G. Gestsson.

Framtakssjóður Íslands eignaðist 71 prósents hlut í Advania í kjölfar bankahrunsins. Á árunum 2014 og 2015 eignaðist fámennur hópur norrænna fjárfesta með reynslu og þekkingu á upplýsingatæknigeiranum á Norðurlöndum meirihluta í félaginu og lagði því til um tvo milljarða króna í aukið hlutafé. Við það tækifæri var tilkynnt að stefnt yrði að skráningu fyrirtækisins á hlutabréfamarkað í Svíþjóð og á Íslandi.

**Breidd og dýpt**

Spurður hve hratt sé stefnt á að vaxa á næstu árum bendir hann á að þörfin fyrir upplýsingatækni verði æ meiri í viðskiptalífinu. „Tvennt skiptir sköpum í rekstri upplýsingatæknifyrirtækja. Annars vegar þarf að hafa nægjanlega breidd til að þjóna þörfum viðskiptavina. Þeir vilja almennt skipta við sama fyrirtækið. Hins vegar er upplýsingatækni orðin svo flókin viðfangs að það þarf að hafa yfir að ráða djúpri þekkingu á henni. Til að geta boðið breidd og dýpt þarf Advania að stækka. Fyrirtækin sem við erum að keppa við eru með 15-70 þúsund starfsmenn. Við erum afar smátt fyrirtæki í þeim samanburði, á Íslandi eru 730 starfsmenn og 1.300 í heildina," segir hann. Velta Advania í Svíþjóð var um 24 milljarðar króna í fyrra og markaðshlutdeildin einungis 1 prósent. Hann telur því möguleikana mikla en velta á því hve vel verði haldið á spilunum. Ljóst er þó að stefnt sé að örum vexti.

## Advania kaupir Wise

Advania hefur fest kaup á fyrirtækinu Wise en þar starfa um 80 manns. Eftir sameiningu verður Advania með um 200 starfsmenn sem sérhæfa sig í viðskipta- og framleiðnilausnum Microsoft. Með sameiningunni verður til eining sem hefur burði til að keppa við alþjóðleg fyrirtæki á þessum markaði. Þetta kemur fram í tilkynningu.

Beðið er eftir að Samkeppniseftirlitið leggi blessun sína yfir kaupin. Wise var áður í eigu AKVA group í Noregi.

Wise selur Microsoft Dynamics NAV bókhalds- og viðskiptahugbúnað hér landi.

**Horft til Norðurlanda**

Horft verði til kaupa á tæknifyrirtækjum á Norðurlöndunum en þar sé mikið af keppinautum sem þurfi að vaxa. „Mörg fyrirtæki þurfa að verða breiðari og dýpri eins og við," segir Gestur. Hann horfir til fyrirtækja með góð stjórnendateymi og ánægða viðskiptavini sem gætu eflt Advania. Ekki sé horft á einhverjar syllur umfram aðrar.

Frá árinu 2012 til ársins 2017 jókst veltan um 43 prósent eða um 10,5 milljarða króna en hún var um 35 milljarðar króna í fyrra. Að sögn Gests má telja innri vöxt fyrirtækisins í tveggja stafa tölum. Starfsmönnum á Íslandi hefur fjölgað um 260 frá 2012 til dagsins í dag, eftir að tilkynnt var um yfirtöku á Wise, og eru þeir nú 730. Um 60 prósent veltunnar má rekja til Svíþjóðar, 30 prósent til Íslands og það sem eftir stendur til Noregs. „Starfsemi okkar er lítil í Danmörku," segir hann.

Advania samanstendur af 14 fyrirtækjum sem hafa sameinast, þar af átta íslenskum. Það liggur í hlutarins eðli að fleiri samrunar hafa átt sér stað á Íslandi því þau fyrirtæki eru smærri en á hinum Norðurlöndunum. **helgivifill@frettabladid.is**




GE bílar Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400 | Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622 | Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533 | Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070 | IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080 | BL söluumboð Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516

BL ehf Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is
B|L




Bandalag íslenskra bílablaðamanna valdi Peugeot 3008 sem Bíl ársins 2018 á Íslandi úr hópi 30 bíla. Þetta er mikil viðurkenning á gæðum Peugeot sem hafa heillað heimsbyggðina, hann hefur unnið til 38 alþjóðlegra verðlauna. PureTech bensínvél bílsins hlaut þann heiður að vera valin Vél ársins fjórða árið í röð!

***KOMDU OG KEYRÐU TÍMAMÓTABÍLINN PEUGEOT 3008!***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

**Peugeotisland.is**

# Að líta sér nær



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Það eru ekki ný sannindi að rekstrarkostnaður íslenskra banka er töluvert meiri en þekkist í öðrum bönkum í okkar helstu nágrannaríkjum. Fyrir því eru margvíslegar orsakir en á síðustu árum er ekki hvað síst um að kenna heimatilbúnum aðgerðum stjórnvalda – háum eiginfjárkvöðum, sérstökum skatti á skuldir banka og innflæðishöftum til að hamla fjárfestingu erlendra aðila í skuldabréfum. Afleiðingarnar af þessum ráðstöfunum, sem hafa það að markmiði að treysta fjármálastöðugleika, eru lakari lánakjör á fjármálmarkaði með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á framleiðni í atvinnulífinu. Það er ástæða til að staldra við og spyrja sig hvort þetta sé allt þess virði.

Gylfi Zoega, prófessor í hagfræði, gerir meðal annars bankakerfið að umtalsefni í stórgóðri skýrslu sem hann vann fyrir stjórnvöld um stöðu efnahagsmála og bendir á að það „virðist vera dýrara í rekstri en sambærilegir bankar annars staðar á Norðurlöndum“, og spyr hvort það megi ekki leita leiða til hagræðingar í því skyni að bæta kjör almennings. Undir það má taka en hér fer hins vegar ekki saman hljóð og mynd. Gylfi, sem situr í peningastefnunefnd Seðlabankans, ætti að líta sér nær en bankinn hefur ekki aðeins kerfisbundið spáð meiri verðbólgu en raunin varð undanfarin ár – og þar af leiðandi lækkað vexti hægar og minna en ástæða hefur verið til – heldur hefur hann einnig verið nánast eini talsmaður þeirra ströngu innflæðishafta sem sett voru á sumarið 2016 og hafa nánast skrúfað alfarið fyrir erlenda fjárfestingu á skuldabréfamarkaði.

Niðurstaðan hefur verið fyrirsjáanleg enda eru lífeyrissjóðir á sama tíma að beina fjármunum sínum að stærstum hluta í sjóðsfélagalán og fjárfestingar erlendis. Á meðan nafnvextir Seðlabankans hafa lækkað um nærri tvær prósentur frá árinu 2016 hafa vextir á langtíma ríkisskuldabréfum lítið breyst. Með öðrum orðum hafa höftin, með því að draga úr framboði lánsfjármagns á markaði, valdið því að vextir fyrirtækja og heimila eru hærri en ella. Innflæðishöftin hafa þannig staðið í vegi fyrir því að Íslendingar fái að njóta til fulls þeirrar kerfisbreytingar sem hefur orðið á hagkerfinu – jákvæð eignastaða við útlönd, lág verðbólga og litlar skuldir þjóðarbúsins – sem ætti að skila sér í enn lægra raunvaxtastigi en raun ber vitni.

Hvaða skoðun sem menn kunna að hafa á fjármálakerfinu þá er það staðreynd að starfsskilyrði íslenskra banka eru um margt önnur og verri en þekkist í öðrum Evrópuríkjum. Líkt og með innflæðishöftin, sem eru í reynd skattur á heimili og fyrirtæki, er það að lokum almenningur sem þarf að greiða reikninginn í formi hærri útlánavaxta fyrir þá ákvörðun stjórnvalda að bankarnir skuli meðal annars búa við ströngustu eiginfjárkröfur í Evrópu og borga níu milljarða á ári í sérstakan bankaskatt sem á sér enga hliðstæðu. Fyrir vikið er arðsemi bankanna, en tveir þeirra eru í eigu ríkissjóðs, lægri en eðlilegt getur talist sem aftur rýrir stórkostlega virði þeirra. Er ástæða til að ætla að eitthvað verði gert til að breyta þessari vitleysu? Tæplega. Fáir stjórnmálamenn hafa nokkurn skilning á þessu samhengi hlutanna á sama tíma og þeir furða sig á því að hér skuli vera rekið dýrasta bankakerfi í Evrópu.

**Það er ástæða til að staldra við og spyrja sig þeirra spurningar hvort þetta sé allt þess virði.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Sænska hægrileiðin**

**Svíþjóðardemókratar, sem kenna sig við þjóðernishyggju, þykja líklegir til að bæta verulega við sig fylgi í þingkosningunum á sunnudag. Dvergflokkurinn Íslenska þjóðfylkingin samsamar sig þeim sænsku þótt flokkurinn hafi aðeins fengið 303 atkvæði í alþingiskosningum 2016. Bundnar eru vonir við að gott gengi þeirra sænsku muni breyta þessu með því að blása „þjóðhollu fólki hér á landi byr í brjóst“ eins og það er orðað í baráttukveðju Þjóðfylkingarinnar á Facebooksíðu Jimmie Åkesson, leiðtoga sænsku þjóðernissinnanna.**

**Kexrugl á RÚV**

**Guðmundur Franklín Jónsson lætur reglulega vaða á súðum á Útvarpi Sögu og varar við rótgróinni andúð fréttafólks RÚV á Donald Trump. Hann er stórhneykslaður á misheppnaðri tilraun Morgunútvarps Rásar 2 til að fá Óttar Guðmundsson geðlækni til þess að greina Trump geðveikan í beinni. Við geðheilbrigðisvottorði Óttars var brugðist að sögn Guðmundar, og „dópista“ og „glæpamanni“ boðið í „hásætið hjá Agli Helgasyni“ til að níða skóinn af Trump. Þarna átti Guðmundur við tónlistarmanninn David Crosby sem sérfræðingur Útvarps Sögu í heimsmálunum lýsti sem „snarkexrugluðum“ gömlum rokkara „á áttræðisaldri með pottlok á hausnum“.**

thorarinn@frettabladid.is

# Setjum tappann í!



Andrés Ingi Jónsson
þingmaður Vinstri grænna

Honum er viss vorkunn, kaupsýslumanninum sem fjárfesti í vídeóleigu um aldamótin. Hvernig átti hann að vita að nokkrum árum síðar yrðu vídeóleigurnar dauðar? Það getur nefnilega verið erfitt að átta sig á grundvallarbreytingum í samfélaginu á meðan þær eru að eiga sér stað.

Líklegt er að eins fari með fjárfestingu í mengandi olíuiðnaði og vídeóleigurnar. Að fólki þyki skrýtið í baksýnisspeglinum að einhverjum hafi dottið til hugar að setja meiri pening í dauðvona olíuhagkerfið í byrjun 21. aldarinnar.

Þó eru það endalok sem er auðveldara að sjá fyrir.

### Kallar á samhent átak

Baráttan gegn loftslagsvánni kallar á samhent átak allra jarðarbúa. Hagsmunirnir eru sameiginlegir.

Þess vegna hafa ríki heims gert með sér samkomulag um aðgerðir í loftslagsmálum. Parísarsamkomulagið snýst um að halda hlýnun jarðar af mannavöldum innan við 2°C. Þetta hefur margt í för með sér, hvort sem er varðandi stefnu stjórnvalda, framleiðslu fyrirtækja eða neyslu einstaklinga. Eitt af því er að skilja þarf stærstan hluta af þekktum birgðum jarðefnaeldsneytis eftir í jörðinni.

Ríki heims hafa þannig í raun komið sér saman um endalok olíualdarinnar.

Ef ekki er ráðlegt að nýta þá olíu sem vitað er um þarf enn síður að finna nýjar olíulindir. Það er því skrýtið að hugsa til þess að ekki séu nema fimm ár liðin síðan reynt var að setja íslenska olíuævintýrið af stað með útgáfu sérleyfa til að leita að kolvetni á Drekasvæðinu. Svipað og að kaupa sér vídeóleigu rétt áður en sá markaður hætti að vera til.

### Horfumst í augu við orðinn hlut

Fyrr á þessu ári rann síðasta sérleyfið til olíuleitar úr gildi. Til að sýna að Íslandi sé full alvara í baráttunni gegn loftslagsbreytingum eigum við að horfast í augu við orðinn hlut og setja tappann í. Sammælumst um að sú olía sem kann að vera undir hafsbotni verði þar óhreyfð um aldur og ævi.

**Sammælumst um að sú olía sem kann að vera undir hafsbotni verði þar óhreyfð um aldur og ævi.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Sjálfhverfa kynslóðin

**Í DAG**



Þórlindur Kjartansson

Þetta unga fólk nú til dags ber ekki virðingu fyrir neinu og hefur ekki metnað fyrir nokkrum sköpuðum hlut. Það er ekki skrýtið þar sem það er algjörlega ofdekrað upp til hópa og hefur aldrei þurft að taka til hendinni, leggja nokkuð raunverulegt af mörkunum hvorki til heimilis eða vinnu eða bera ábyrgð á nokkrum hlut. Þetta er glötuð kynslóð, týnt fólk.

**Glötuð kynslóð**

Í bókinni „Veisla í farangrinum“ eftir Ernest Hemingway, í þýðingu Halldórs Laxness, segir einmitt frá einni svona „glataðri kynslóð“ sem miðaldra fólk hneykslaðist á. Þetta var á þriðja áratugnum í París. Ungu mennirnir höfðu allir komist hjá því að læra mannasiði, þjónustulund og almenna færni til sjálfsbjargar með því einu að fara frekar í heimsstyrjöld. Þar drápust reyndar margir og enn fleiri misstu heilsu og vit, en þeir sem aftur snéru sæmilega heilir voru víst liðónýtir upp til hópa líka. Algjört forréttindapakk, hugsaði ekki um neitt annað en sjálft sig og eigið rassgat.

Það voru auðvitað ekki ungu mennirnir sjálfir sem ákváðu að fara í stríð. Þeim var bara sagt að gera það. Og þeir sem drápust gerðu það reyndar ekki endilega til þess að upphefja sjálfa sig persónulega—heldur oftast bara í einhverju feigðarflani sem óhæfir en hábornir hershöfðingjar létu sér detta í hug til þess að baða sjálfa sig og nöfn ætta sinna í hetjuljóma fyrir sagnfræðibækur framtíðarinnar. Það voru samt að sjálfsögðu ekki hershöfðingjarnir og stjórnmálamennirnir sem voru sjálfhverfir og glataðir. Nei, ó nei. Það var einmitt unga fólkið sem engu fékk ráðið um hvort því væri slátrað á vígvellinum eða fengi náðarsamlegast að fara aftur heim til að vinna í bílaverkstæðum og bakaríum Parísarborgar við að uppfylla óskir og þarfir hinna ósérhlífnu eldri kynslóða. Þar var nú aldeilis að finna ómengaðan hóp af ræflum og roðhænsnum sem aldrei myndu gera nokkrum gagn.

**Gáfuð kynslóð**

Hafi forfeður okkar sem fæddust í kringum aldamótin 1900 verið lélegir; hvað má þá segja um gufurnar og lúðulakana sem komu í heiminn í kringum aldamótin 2000? Ó sei sei og hjálpi mér, hlýtur maður að segja. Að sjá þetta fólk starandi ofan í símana sína að fótósjoppa „sjálfur“ daginn út og inn til þess að safna lækum á instasnappinu. Þvílík sjálfsdýrkun.

Þá hlýtur hún að vera skárri kynslóðin sem ól af sér núverandi forseta Bandaríkjanna—valdamesta mann sinnar kynslóðar—manninn sem ákvað að fórna sér í hárri elli til þess að tryggja bjarta framtíð fyrir yngri kynslóðirnar. Og hvað má þá segja um hetjulund eldri kynslóðanna í Bretlandi sem börðust með kjafti og klóm til þess að losa þjóðina undan samstarfinu í Evrópusambandinu—jafnvel þótt hinar fávísu ungu kynslóðir, sem vissulega þurfa að lifa mun lengur með afleiðingunum—séu gjörsamlega ósammála. 71% kjósenda undir 24 ára og 54% kjósenda milli 25 og 49 ára vildu vera áfram í ESB. En gömlu óeigingjörnu og fórnfúsu viskubrunnarnir fengu að ráða.

Meira að segja hér á Íslandi höfum við dæmi um hópa fólks úr eldri kynslóðum sem hafa tekið að sér að reyna að hafa vit fyrir öllum þeim sem í barnaskap sínum halda að Íslandi kunni að vera ágætlega borgið í opnu og frjálsu sambandi við Evrópu í gegnum EES-samninginn. Ég segi bara: Takk kærlega fyrir umhyggjuna ... en, nei takk, við erum bara alveg með þetta sjálf núna.

**Óeigingjarna kynslóðin**

Auðvitað er engin leið að alhæfa um eðliskosti eða galla heilla kynslóða. Það eina sem kalla má víst er að eldri kynslóðum gengur gjarnan illa að skilja þær yngri—og þær eldri fá yfirleitt að ráða alltof miklu alltof lengi.

Það er nefnilega þannig, að þótt innan hverrar kynslóðar rúmist gjörvallt róf mannlegrar snilldar, gæsku, illsku og heimsku, þá má stundum greina sameiginlega drætti.

Og ef það ætti að hengja merkimiða á fólkið sem nú er á þrítugsaldri og upp undir 35 ára þá væri óeigingjarna kynslóðin klárlega réttnefni.

Rannsóknir á lífsviðhorfi fólks sýna að ungt fólk í dag er upptekið af því að fara vel og sparlega með umhverfi sitt, það velur sér vinnustaði út frá tilgangi fremur en launakjörum, það hlýðir ekki valdboði í blindni en leggur sjálfstætt mat á það hverjir hljóta virðingu þeirra—og þótt það treysti ekki stofnunum og stjórnmálamönnum þá treystir það manneskjum. Þetta er kynslóðin sem vill láta gott af sér leiða, vill ekki meiða, ekki þvælast fyrir, ekki sólunda náttúrunni eða njóta tilverunnar á kostnað annarra. Þetta er kynslóðin sem virðir einstaklinga, gæti ekki verið meira sama um kynhneigð, litarhaft, uppruna eða trúarskoðanir fólks. Þessi kynslóð gerir almennt ekki grín að þeim sem eru öðruvísi og þykist ekki hafa svörin við öllu.

Þetta er ekki afturför heldur framfarir. Leyfum þeim að njóta sín.




FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

## Markaregn í Kópavoginum



**Tekur í gikkinn** Íslenska landsliðið skipað leikmönnum 21 árs og yngri vann 5-2 sigur á Eistlandi í miklum markaleik á Kópavogsvelli í undankeppni EM í gær. Ísland á enn góða möguleika á að ná 2. sæti í sínum riðli sem gæti gefið sæti í umspili. Albert Guðmundsson sést hér skora fimmta mark Íslands í leiknum. Auk hans voru Óttar Magnús Karlsson (2), Samúel Kári Friðjónsson og Arnór Sigurðsson á skotskónum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Viðurkenni að ég var ekki bjartsýnn á að ná leikjunum

**Landsliðsmaðurinn Hörður Björgvin Magnússon er vongóður um að hann verði klár í slaginn gegn Sviss á morgun eftir að hafa verið að berjast við meiðsli. Hann tekur því fagnandi að leika keppnisleiki í Þjóðadeildinni í stað þess að spila æfingarleiki. Hörður segir að lífið sé ljúft í rússnesku höfuðborginni Moskvu.**



Kristinn Páll Teitsson
skrifar frá St. Gallen
kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Hörður Björgvin Magnússon, varnarmaður íslenska landsliðsins og CSKA Moskvu í Rússlandi, kveðst vongóður um að hann verði klár í slaginn þegar flautað verður til leiks í Sviss á morgun. Hörður fór meiddur af velli í síðasta leik félagsins á 20. mínútu leiksins og æfði ekki með íslenska liðinu fyrstu dagana í æfingarbúðum þess í Schruns, Austurríki, en æfði svo með því í gær.

„Heilsan er góð og ég er bjartsýnn á að ná leiknum gegn Sviss. Ég viðurkenni að ég var ekkert mjög bjartsýnn og var nálægt því að hringja og tilkynna að ég kæmist ekki í þetta verkefni daginn áður en við fórum til Austurríkis en sjúkraþjálfarateymið hefur staðið sig frábærlega. Þetta kemur í skrefum og ég tók fullan þátt í æfingu í gær án þess að finna fyrir verkjum. Það var skref í rétta átt og ég verð vonandi klár á morgun.“

Hann vildi ekki missa af fyrsta landsliðsverkefninu undir stjórn Eriks Hamrén.

„Það á enginn fast sæti í liðinu og þjálfaraskiptin ættu að halda mönnum á tánum,“ sagði Hörður sem sagði að menn væru tilbúnir að bíta á jaxlinn í landsleikjum.

„Menn gera það alltaf, Aron Einar hefur verið ofboðslega duglegur í þessu undanfarin ár og núna höfum við nokkrir verið í minniháttar meiðslum en við þurfum að bíta á jaxlinn og vera tilbúnir.“



**Hörður Björgvin í leiknum gegn Króatíu á HM í sumar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þjálfarinn talaði um að hann myndi byggja á því sem liðið hefði gert vel og hægt og bítandi vinna í að koma sínu handbragði á spilamennskuna.

„Hann kemur með sínar áherslur sem eiga að bæta okkar leik en vill ekki gjörbreyta því sem við höfum verið að gera sem er jákvætt. Það eru allir ofboðslega þakklátir Heimi og Lars fyrir það frábæra starf sem þeir unnu og vonandi getum við tekið næsta skref með Erik,“ segir Hörður og heldur áfram:

„Það er pressa á honum strax, Heimir skilur eftir sig stórt skarð en ég hef fulla trú á því að Erik leysi það.“

Ísland mætir Sviss í fyrstu umferð Þjóðadeildar UEFA, nýrrar keppni sem leysir af æfingarleiki. Hörður sagðist taka því fagnandi að fá fleiri keppnisleiki.

„Við erum að fara að mæta risaþjóðum og sleppum við æfingarleiki þar sem úrslitin skipta ekki máli og ég held að það taki því allir fagnandi. Þetta er viðurkenning á hvað við höfum komist langt, við erum hluti af tólf bestu þjóðum Evrópu. Nú er það undir okkur komið að festa okkur í sessi þarna og það væri gott að byrja á góðum úrslitum um helgina.“

Hörður samdi í sumar við rússneska stórveldið CSKA Moskva og kann vel við sig í stórborginni.

Það var talsvert um brottfarir hjá félaginu í sumar, þar á meðal kvöddu rússnesku tvíburarnir Vasili og Aleksei Berezutski sem léku í sextán ár fyrir félagið.

„Stuttu eftir að ég skrifaði undir þá hurfu á brott alls níu leikmenn. Vasili og Aleksei áttu báðir sem dæmi að minnsta kosti eitt gott ár eftir að ég held. Fyrir vikið erum við með afar ungt lið, meðalaldurinn er 24 ár og ég er einn af reynslumeiri leikmönnum liðsins.“

Hjá CSKA mun Hörður leika í Meistaradeild Evrópu í vetur og fær tækifæri til að spila á hinum sögufræga Santiago Bernabeu gegn Real Madrid.

„Það var svakaleg tilfinning og var hálf óraunverulegt að hugsa að maður myndi mæta Real Madrid á heimavelli þeirra. Það verður gaman að takast á við bestu lið heims og sjá hvernig okkar kornunga lið stendur í liðum eins og Real og Roma.“

Sjálfur hefur hann leikið sem miðvörður í þriggja manna línu en sóknarleikurinn hefur verið hausverkur liðsins.

„Ég hef spilað þessa stöðu áður og mér líður vel sem miðverði, þar fæ ég öðruvísi hlutverk með boltann og ég er afar ánægður með fyrstu vikurnar. Það sem vantar kannski eru fleiri stig, við erum búnir að gera of mörg jafntefli þar sem við gátum unnið leikina.“

## Nýjast

**Þjóðadeildin**

**A-deild**

**Riðill 1**

**Þýskaland - Frakkland 0-0**

**B-deild**

**Riðill 1**

**Tékkland - Úkraína 1-2**
1-0 Patrik Schick (4.), 1-1 Yevhen Konoplyanka (45+1.), 1-2 Olexandr Zinchenko (90+3.).

**Riðill 4**

**Wales - Írland 4-1**
1-0 Tom Lawrence (6.), 2-0 Gareth Bale (18.), 3-0 Aaron Ramsey (37.), 4-0 Conor Roberts (55.), 4-1 Shaun Williams (66.).

**C-deild**

**Riðill 3**

**Noregur - Kýpur 2-0**
1-0 Stefan Johansen (21.), 2-0 Johansen (42.).

**Slóvenía - Búlgaría 1-2**
0-1 Bozhidar Kraev (3.), 1-1 Miha Zajc (40.), 1-2 Kraev (59.).

**D-deild**

**Riðill 1**

**Kasakstan - Georgía 0-2**
0-1 Giorgi Chakvetadze (69.), 0-2 Sergey Maliy, sjálfsmark (74.).

**Lettland - Andorra 0-0**

**Riðill 4**

**Armenía - Liechtenstein 2-1**
1-0 Marcos Pizzelli (30.), 1-1 Sandro Wolfinger (33.), 2-1 Tigran Barseghyan (76.).

**Gíbraltar - Makedónía 0-2**
0-1 Ivan Tričkovski (19.), 0-2 Egzijan Alioski (35.).

**Undankeppni EM U-21**

**Ísland - Eistland 5-2**
1-0 Óttar Magnús Karlsson (19.), 2-0 Óttar Magnús (22.), 3-0 Samúel Kári Friðjónsson (45.), 4-0 Arnór Sigurðsson (53.), 4-1 Frank Liivak, víti (61.), 5-1 Albert Guðmundsson (64.), 5-2 Sören Kaldma (68.).

## Of gaman til að hætta strax

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir að hafa gefið í skyn eftir HM í Rússlandi að hann væri hættur í íslenska landsliðinu snerist Kára Árnasyni hugur.

„Það er alltaf gaman að koma til móts við liðið og það er ástæðan af hverju maður er hérna. Þetta er of gaman til að hætta þessu,“ sagði Kári í samtali við Fréttablaðið. Hann gerir sér grein fyrir því að hlutverk hans í landsliðinu hefur breyst og mínútum hans inni á vellinum mun fækka.

„Það hefði verið flott að hætta eftir HM sem byrjunarliðsmaður í því liði sem náði stærsta áfanga íslenskrar knattspyrnusögu en það var svolítil eiginhagsmunasemi. Ég er það mikill liðsmaður og mér bauðst annað hlutverk í liðinu, minna en oft áður en ég var til í það,“ sagði Kári.

„Ég sagði hins vegar að ég yrði ekkert bara til að gefa fimmur, ég myndi leggja mig allan fram til að berjast fyrir mínu sæti en ég skil vel stöðuna sem ég er í. Vonandi fæ ég einhverjar mínútur og get hjálpað liðinu.“ – kpt

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

120 ÁRA AFMÆLI KING KOIL

KING KOIL

# FRAMÚRSKARANDI FULLKOMNUN

GÆÐI OG NÝSKÖPUN Í 120 ÁR 1898-2018

Stærð Queen (153x203 cm)
**AFMÆLISVERÐ**
**154.070 kr.**
13.693 kr.* á mánuði með kredikortaláni
**Fullt verð 256.783 kr.**

## KING KOIL ALPINE PLUSH

Hágæða Amerískt heilsurúm með millistífu fimm svæða skiptu poka gorma kerfi, mjúkur toppur og steyptir kantar, ásamt botni og fótum.




Stærð King (193x203 cm)
**AFMÆLISVERÐ**
**213.459 kr.**
18.816 kr.* á mánuði með kredikortaláni
**Fullt verð 355.765 kr.**

**Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjald

*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgíró.

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is




## KASSATILBOÐ

### Nocco BCAA drykkir

Það skiptir ekki máli hver er þinn uppáhalds.
Þú velur 24 Nocco drykki að eigin vali.

**5.449** kr/ks
**Verð áður 7.176 kr/ks**

Tilboð gilda út 16. september

**20%** afsláttur




### Now vítamín

20% af öllum Now vítamínum

**20%** afsláttur




### Moma hafragrautur

Frábær og fljótlegur

**223** kr/stk
**Verð áður 279 kr/stk**

**25%** afsláttur




### Funksjonell brauð- og kökumix

Bakaðu án sykurs

**20%** afsláttur




### Fulfil

Vítamín og próteinstangir

**239** kr/stk
**Verð áður 299 kr/stk**

**20%** afsláttur




### Himneskt hnetusmjör

Fínt og gróft

**351** kr/stk
**Verð áður 439 kr/stk**

**15%** afsláttur




### Oatly!

15% afsláttur af öllum Oatly! hafravörum

# KJÚKLINGAVEISLA



KJÖRFUGL

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kjúklingavængir | 289 kr/kg<br>Verð áður 319 | Kjúklingabringur | 1.789 kr/kg<br>Verð áður 1.899 |
| Kjúklingalæri | 829 kr/kg<br>Verð áður 999 | Heill kjúklingur | 679 kr/kg<br>Verð áður 799 |
| Kjúklingalundir | 1.879 kr/kg<br>Verð áður 2.099 | Kjúklingaleggir | 569 kr/kg<br>Verð áður 799 |

Holta

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Heill kjúklingur | 719 kr/kg<br>Verð áður 899 | Kjúklingaleggir | 799 kr/kg<br>Verð áður 999 | Blandaðir kjúklingabitar | 719 kr/kg<br>Verð áður 899 |
| Kjúklingabringur 100% | 1.919 kr/kg<br>Verð áður 2.399 | Kjúklingavængir | 319 kr/kg<br>Verð áður399 | Úrbeinuð kjúklingalæri | 1.919 kr/kg<br>Verð áður 2.399 |
| Kjúklingalæri | 879 kr/kg<br>Verð áður 1.099 | Kjúklingalæri með legg | 799 kr/kg<br>Verð áður 999 | Kjúklingalundir | 1.919 kr/kg<br>Verð áður 2.399 |

HAGKAUP

*Meira* svona *alla daga*



✝

Ástkær faðir okkar og tengdafaðir,

**Helgi Angantýsson**

útskurðarmeistari,
f. 29. september 1926,
Engihjalla 19, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 27. ágúst 2018. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Hallgrímur Pétur Helgason** **Svanhvít Bjarnadóttir**
**Árni Þór Helgason** **Kristín Sveinsdóttir**
**Bragi Heimir Helgason** **Guðrið Nattestad**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hulda Inger Klein Kristjánsson**

Hjallaseli 55, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð 4. september.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Seljahlíðar fyrir frábæra umönnun.

**Brynja Jóhannsdóttir** **Elín Margrét Jóhannsdóttir**
**Hjördís Jóhannsdóttir** **Ottó Ragnar Jóhannsson**
**Pálmey Jóhannsdóttir** **Sophus Klein Jóhannsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Klara Jóhannsdóttir**

fv. bankastarfsmaður,

lést 4. september á gjörgæsludeild Landspítalans. Hún verður jarðsungin frá Garðakirkju á Álftanesi þriðjudaginn 11. september kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jóhanna Helga Halldórsdóttir** **Frank Büchel**
**Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir** **Andri Marteinsson**
**Daði Pétur Nez**
**Tryggvi Már, Sóley Tinna og Orri.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, amma og langamma,

**Alfa Malmquist**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 30. ágúst síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 10. september kl. 13.00.
Innilegt þakklæti til starfsfólks líknardeildar fyrir góða umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Pálmi Sveinsson**



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Halldór Skaftason**

veitingastjóri,
fæddur 26.2. 1942,

lést á Landspítalanum, laugardaginn 25. ágúst. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 10. september kl. 13.00.

**Ína Gissurardóttir**
**Arna Björk Halldórsdóttir**
**Hallur Halldórsson** **Petra Sigurðardóttir**
**Sigurveig Halldórsdóttir** **Hermann Haukur Aspar**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.



**Kristinn G. Jóhannsson í Grafíksalnum, með málverkin á bak við sig og grafíkina á vinstri hönd.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Listin lengst af hliðargrein

**Akureyringurinn Kristinn G. Jóhannsson listmálari er kominn suður yfir heiðar og opnar sýningu í Grafíksalnum í Hafnarhúsinu á morgun. Gengið er inn frá Tryggvagötu.**

Hér er grafík og málverk í bland. Ég nefni sýninguna Að lokum – því það líður að lokum hjá mér," segir Kristinn G. Jóhannsson listmálari, staddur í Grafíksalnum við Tryggvagötu í Reykjavík þar sem hann opnar sýningu á morgun, laugardag, klukkan 14.

*Ertu ekki enn að mála?*

„Jú, jú, ég geri ekki annað. En ég er orðinn 82 ára og því má segja að framtíð mín sé að baki."

*Það veit maður nú aldrei. Ætlaðir þú alltaf að verða listamaður?*

„Já, ég held það. Þó hefur það alltaf verið hliðargrein hjá mér þar til núna síðustu árin. Ég var skólastjóri í tæp 40 ár, fyrst við Gagnfræðaskólann á Ólafsfirði í tæp tuttugu ár, svo á Akureyri í ein sautján ár við Bröttuhlíðarskóla, sem heitir núna Hlíðarskóli og er úti hjá Skjaldarvík."

Kristinn kveðst hafa stundað listnám hjá Jónasi Jakobssyni og Hauki Stefánssyni á Akureyri, svo í Myndlista- og handíðaskólanum og síðan við Edinburgh College of Art. „En eftir að ég kom frá Edinborg fór ég að kenna vestur á Patreksfirði og úr varð að ég fór í Kennaraskólann og náði mér í réttindi. Síðustu árin hef ég þó einbeitt mér að listinni og þetta eiga að vera lokin á sýningarhaldinu."

Uppstillingarmenn eru að störfum og við Kristinn höfum fært okkur innar í salinn. Hann útskýrir það sem fyrir augun ber. „Árið 1982 var mér boðið að halda sýningu í galleríi á Akureyri sem hét Rauða húsið. Ég var þá að mála stílfærðar myndir af bátum og húsum á Ólafsfirði og sá að það mundi ekki passa á þessa sýningu. Þá fór ég út í dúkskurðinn. Sótti ég mér hugmyndir í rúmfjalir og skáphurðir baðstofunnar og bjó til verk sem eins gætu vísað til framtíðarinnar," segir hann og bendir á grafíkverk til beggja handa.

Málverkasería er á einum vegg. Þó línur og form bendi til annars segir Kristinn hugmyndirnar fengnar úr náttúrunni. „Ég sæki innblástur í litgrös í brekkunum og heiðinni og hvernig allt speglast í Vöðlunum og Pollinum. Hér er komið eins konar jafnvægi á milli þess að heiðin sé að hverfa í málverkið eða öfugt – málverkið að yfirtaka heiðina."



**Gömul mynstur bæði úr útskurði og hannyrðum koma við sögu í grafíkverkunum.**



**Í málverkunum sækir listamaðurinn innblástur í heiðina og hafið. Hann hefur pússað þau þannig að þau líkjast vefnaði.**

Til þess að málverkin eigi rétt á sér í þessum sal hefur listamaðurinn farið yfir þau með sandpappír og fengið á þau voðkennda áferð. „Þannig kallast þessi sería á við handverkið úr baðstofunni," bendir hann á. „Það er mikil vinna í þessu öllu – en ég hef nógan tíma."

Kristinn hefur líka fengist við myndskreytingu bóka. Búkolla með stórum vatnslitamyndum í útgáfu Hóla frá árinu 2000 er þar í sérflokki. „Þetta er eins og með dúkskurðinn hjá mér, þar sem þverskurðurinn myndar mynstrin, að ég byrja ekki á að móta útlínur í myndunum heldur læt litina ráða og renna saman," útskýrir hann.

Þrívíddina hefur Kristinn á valdi sínu við dúkskurðinn, sería sem blasir við þegar inn er komið ber vitni um það. Uppsetning hennar er vandaverk því allt þarf að standast á. Kristinn leikur sér þar með átta blaða rósina. „En ég hef ekki skorið nokkuð lengi. Er algerlega að loka dúkskurðarferlinum með þessari sýningu," segir hann. „En ég mála. Mæti í vinnuna mína eins og hver annar." **gun@frettabladid.is**

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 7. SEPTEMBER 2018



# Söngur Kanemu

Erna Kanema á rætur að rekja bæði til Íslands og Sambíu. Móðir hennar, Anna Þóra Steinþórsdóttir, hefur gert heimildarmyndir um heimsóknir hennar til Sambíu og sú þriðja er nú sýnd í Bíó Paradís. →2

Mæðgurnar Anna Þóra Steinþórsdóttir og Erna Kanema Mashinkila frumsýndu myndina Söngur Kanemu í gær. MYND/ERNIR



**Bókasafnsdagurinn er haldinn hátíðlegur um land allt í dag. Krist-jana Mjöll J. Hjörvar segir bókasöfn griðastað nútímamannsins sem mæti þar hlýju, frið og ró í lifandi umhverfi.** →4



Framhald af forsíðu ➺



Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is

Erna Kanema Mashinkila var þriggja ára þegar hún heimsótti fyrst heimaland föður síns, Sambíu. Þegar hún var átta ára fór hún aftur og í þriðja sinn átján ára. Í öll skiptin tók móðir hennar, Anna Þóra Steinþórsdóttir heimildarmyndagerðarkona, myndavélina með og tók upp viðbrögð Ernu Kanemu við þessum framandi heimi sem var þó hennar, ekki síður en Ísland þar sem hún fæddist og ólst upp. Í gær var frumsýnd í Bíó Paradís heimildarmyndin Söngur Kanemu sem vann bæði áhorfenda- og dómnefndarverðlaunin á Skjaldborg – hátíð heimildarmynda í vor.

„Ég gerði fyrst 25 mínútna mynd um Ernu Kanemu þegar hún var þriggja ára og fór til Sambíu að hitta föðurfólkið sitt í fyrsta skipti,“ segir Anna Þóra. „Myndin var sýnd á RÚV og í barnatímanum og sýndi viðbrögð hennar sem lítillar stelpu við þessum nýja menningarheimi. Síðan förum við aftur þegar hún var átta ára. Þá var litla systir, Auður Makaya, komin til sögunnar og þar segir Erna Kanema meira frá því hvernig hún upplifir muninn á því að vera brún á Íslandi eða í Sambíu. Krakkarnir þar voru svolítið að velta fyrir sér hvort hún væri brún eða hvít og hún var líka að velta því fyrir sér sjálf á þessum aldri.“ Erna Kanema bætir við: „Sú mynd var notuð sem fræðslumynd þó hún hafi ekki verið ætluð sem slík og sýnd í samfélagsfræði í skólum. Líka í skólanum hjá mér svo ég horfði á krakkana horfa á mig sem var skrýtið og þegar ég hitti krakka úr öðrum skólum sögðust þau hafa verið að horfa á myndina um mig í samfélagsfræði, sem mér fannst líka mjög skrýtið.“

## Þriðja ferðin til Sambíu

Og nú var þriðja myndin um upplifun Ernu Kanemu af uppruna sínum frumsýnd í Bíó Paradís í gær. „Erna hefur verið mikið að grúska í alls konar tónlist, ekki síst afrískri tónlist, og út frá því kviknaði sú hugmynd að gera þriðju útgáfuna af þessari sögu, núna þegar Erna Kanema er að sjá þetta á þröskuldi fullorðinsáranna,“ segir Anna Þóra. „Hinar myndirnar eru barnamyndir og miðast við það umhverfi sem hún er í á hverjum tíma en þessi er meira fullorðins og er bæði lengri og tekur á fjölbreyttari málum. Erna hafði líka meira að segja við gerð þessarar myndar, eðlilega, enda hefði þetta ekki verið hægt öðruvísi.“ Erna tekur undir það og bætir við: „Mér finnst mjög spes að fólk geti séð mig svona berskjaldaða í Bíó Paradís. Að hafa mömmu bak við myndavélina þýddi að ég var ekkert að setja mig í neinar stellingar og nú er ég að fatta að fólk getur bara kynnst mér nokkuð vel á þessum 73 mínútum.“

Erna segir mikinn mun á upplifun sinni eftir aldri. „Ég tengdist Sambíu á alveg nýjan hátt bæði gegnum tónlistina og líka fjölskylduna mína úti,“ segir Erna og viðurkennir að hún muni ekki mikið frá fyrri heimsóknum. „Ég man samt eftir að hafa farið í kirkju í Sambíu þegar ég var þriggja ára og hlustað á kórana syngja þar og sérstaklega man ég vel eftir einu lagi. Ég hef verið í kirkjukórum frá því ég var lítil og hef oft velt fyrir mér hvort þessi heimsókn hafi haft áhrif. Amma mín Kanema var mikil tónlistarkona og margir sáu eitthvað af henni í mér þegar ég fór í þorpin sem mér fannst mjög sérstakt og mikilvægt. Ég hitti frænku mína sem kenndi mér lag sem amma söng mjög oft og þannig er titillinn kominn.“

## Söngur Kanemu

Tónlist er eitt af því sem hefur mjög ólíkar birtingarmyndir milli þessara tveggja menningarheima. „Eitt af því sem hún leggur upp með í Sambíuferðina er að tengjast laginu sem hún hafði heyrt þarna pínulítil í kirkjunni og svo líka að vita hvernig söngur blandast inn í menninguna í Sambíu sem hann gerir allt öðruvísi en hér.“ Erna Kanema tekur undir þetta. „Það skiptir ekki máli hvort þú „kannt“ að syngja eða dansa, þú syngur bara með frá blautu barnsbeini og dillar þér með tónlistinni, ekki sama feimni og hér á Íslandi. Söngur og dans er svo stór og sjálfsagður partur af lífinu og samfélaginu. Ég talaði við háskólaprófessor þarna úti um þýðingu tónlistar í samfélaginu og hvernig hún er samofin menningunni.“ Tónlistin í myndinni er að miklu leyti byggð á hljóðupptökum sem Erna Kanema gerði í ferðinni. „Við tókum upp töluvert af tónlist, söng og hljóðheiminum þarna úti og Árni Hlöðversson í FM Belfast vann tónlistina við myndina út frá þessu. Svo var líka tekið upp eitt lag þar sem Kanema syngur og Auður systir hennar spilar á trompett.“

Aðspurð um hvatann til að gera myndirnar segir Anna Þóra: „Erna Kanema ber það með sér útlitslega hér á Íslandi að vera líka af öðrum uppruna og það var öðrum þræði hvatinn fyrir mig til að gera þessar myndir. Ég hefði kannski ekki gert þær ef pabbi hennar væri hvítur, frá Svíþjóð til dæmis. Ég er náttúrulega heimildarmyndagerðarkona og mér fannst spennandi að mynda viðbrögð hennar en líka að gefa íslenskum krökkum smá innsýn í fleiri heima. Pabbi hennar sótti hana stundum í leikskólann og einhvern tíma spurði lítill strákur hvort hann væri byssumaður!“ segir Anna Þóra og skellir upp úr. „Það var myndin af svörtum mönnum sem hann hafði séð í sjónvarpinu og bíó. Mér fannst einhvern veginn að krakkar á Íslandi hefðu gott af því að vita að þeir krakkar sem virka öðruvísi hér eiga alls konar bakgrunn, líf og sögu annars staðar.“



Erna Kanema segist oft hafa verið eina brúna barnið þegar hún var lítil en henni finnst samfélagið orðið mun fjölbreyttara í dag.



Mæðgurnar unnu saman að myndinni sem hefur í raun verið sautján ár í undirbúningi.



Erna Kanema þriggja ára í fyrsta sinn á föðurslóðum í Sambíu.

> **Erna Kanema ber það með sér útlitslega hér á Íslandi að vera líka af öðrum uppruna og það var öðrum þræði hvatinn fyrir mig að gera þessar myndir.**

## Eina brúna barnið

Anna Þóra og Harry maður hennar kynntust árið 1995 þegar Anna Þóra var í kvikmyndagerðarnámi í Finnlandi og fór til Sambíu að gera heimildarmynd en þá var íslenskt samfélag mun einsleitara en nú. „Það var ekkert endilega léttvæg ákvörðun fyrir okkur Harry að flytja saman sem blandað par til Íslands en þegar til kom reyndist það auðveldara en við héldum. Ég vissi að börnin mín yrðu öðruvísi en það var heldur ekkert endilega neikvætt.“ Erna Kanema segist ekki hafa pælt mikið í því fyrst í stað að vera alltaf eina brúna barnið. „Ég held að það hafi byrjað þegar ég fór út í seinna skiptið og fattaði að mamma í Sambíu er eins og ég á Íslandi. Ég var alltaf í sama grunnskóla og með sama hóp í kringum mig. Í myndinni frá því ég var átta ára segi ég eitthvað svona: Vinum mínum finnst ég vera hvít en öllum öðrum finnst ég vera svört.“ Hún segir að þó hún þekki ekkert annað en að lifa með sínum litarhætti þá hafi hann örugglega haft mikil áhrif á hana. „Ég held að þetta hafi vakið efasemdir hjá mér á einhverju tímabili. Ég var mjög oft valin í ýmis verkefni og sem fulltrúi skólans og á tímabilum fór ég að hugsa hvort það væri verið að velja mig til að sýna fjölbreytni frekar en af því að ég var þæg eða sniðug eða klár, eins og hina krakkana. Það hefur alltaf verið aðeins á bak við þegar ég fæ einhverja viðurkenningu.“

Hún segist upplifa mikinn mun á reynslu sinni og systur sinnar Auðar Makayu sem er tæpum sex árum yngri. „Þegar ég var átta ára er ég mikið að tala um í myndinni að ég sé eina brúna stelpan í ballett og í lúðrasveitinni. En systir mín er í miklu fjölbreyttara umhverfi og vinahópi en ég. Ég ætla ekki að tala fyrir hana en ég sé hvað þetta hefur breyst gegnum hana.“ Hún segir þær systur sammála um að hafa ekki orðið fyrir fordómum á Íslandi. „En það er líka af því að við höfum alltaf búið á Íslandi, alist upp í íslensku samfélagi og íslenskan er okkar móðurmál. Við erum stundum ávarpaðar á ensku í túristabúðum niðri í bæ en þegar við svörum á íslensku þá fáum við strax, ó, svo þið eruð íslenskar! Og ekkert mál.“

## Sigurvegari á Skjaldborg

Söngur Kanemu var sýnd á Skjaldborg, hátíð heimildarmynda í vor og fékk bæði dómnefndarverðlaunin og áhorfendaverðlaunin þar. Myndin var síðan eins og áður sagði frumsýnd í Bíó Paradís í gær og verður í almennum sýningum þar næstu vikurnar.

Hún verður einnig sýnd í Sambíu í október, á Lusaka International Film Festival. „Við erum búin að liggja yfir flugleiðum á netinu og vonumst til að komast öll fjögur þangað til að vera viðstödd frumsýninguna. Þar er mikill spenningur fyrir myndinni og hún verður meðal annars til umfjöllunar í háskólanum þar. Svo kemur bara í ljós hvort hún fer víðar,“ segir Anna Þóra að lokum.






**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,







# BIOTHERM MÆLIR MEÐ

**NÝTT:**

## BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT KREM OG SERUM




Líffræðingar Biotherm hafa fangað lífskraft dýrmæts rauðs sjávarþörungs í einstaka formúlu. Eftir því sem við eldumst fækkar collagen og elastin þráðum húðarinnar verulega. Blue Therapy Red Algae Uplift krem og serum hafa sjáanleg yngjandi og styrkjandi áhrif á húðina: Útlínur andlitsins verða skýrari, húðin mýkri, stinnari og með meiri ljóma

## BLUE THERAPY MULTI-DEFENDER SPF 25




Viltu vernda húðina fyrir utanaðkomandi áreitum og öldrun?

Multi-Defender kremin vinna gegn sjáanlegum öldrunareinkennum og gefa vörn gegn UVB geislum, löngu UVA geislunum og mengun.

Húðin verður þéttari, stinnari, nærðari og fær jafnari áferð.

## BLUE THERAPY CREAM-IN-OIL




Viltu samstundis mýkt og næringu?

Uppbyggjandi virkni „sea sugar" og viðgerðareiginleikar olía af náttúrulegum uppruna í fersku kremgeli sem bráðnar inn í húðina. Kremið vinnur hratt gegn sjáanlegum öldrunareinkennum.

Á aðeins 2 vikum endurheimtir jafnvel þurr húð sjáanlega mýkt, þéttleika og ljóma.




## BLUE THERAPY EYE-OPENING SERUM

Fyrstu merki öldrunar myndast umhverfis augun.

Þetta endurnýjandi augnserum vinnur gegn hrukkum og dökkum baugum. Dregur verulega úr þrota og þungum augnpokum. Einstök formúla, sem einnig STYRKIR og ÞÉTTIR augnhárin. NÝ tvöföld tækni með BURSTA fyrir augnhárin og STÁLKÚLU fyrir augnsvæðið. Hentar einnig fyrir þá sem nota linsur.

Einnig til augnkrem í línunni.

# Þarf ekki að hvísla lengur

Bókasafnsdagurinn er haldinn hátíðlegur um land allt í dag með heillandi viðburðum. Kristjana Mjöll J. Hjörvar segir bókasöfn griðastað þar sem gestir mæti hlýju, frið og ró í lifandi umhverfi.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Við segjum gjarnan að bókasafnið sé þriðji griðastaðurinn í lífi hvers manns; á eftir heimili, vinnu og skóla. Þar eflum við félagsleg tengsl, kynnumst fólki, bætum þekkingu okkar og slökum á; jafnvel með góða bók í hengirúmi, en þó þarf ekki endilega að kíkja í bækur á bókasöfnum. Þar má bara vera; á öruggum stað í vellíðan, ró og næði," segir Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar, upplýsinga- og bókasafnsfræðingur á Landsbókasafni Íslands.

Hún segir liðna tíð að gestir bókasafna þurfi að hvísla.

„Einu söfnin sem enn krefjast þagnar eru háskólabókasöfnin, en þó eru aðeins tvær og hálf hæð af fimm á Landsbókasafninu þegjandi. Hvísl heyrir því sögunni til á almenningsbókasöfnum landsins og sjálfri finnst mér ekkert skemmtilegra en að fara með börnin á mitt bókasafn, sem er Gerðuberg í Efra-Breiðholti, því þar geta þau prílað á púðum, skrafað saman, prentað á þrívíddarprentara, leikið sér, grúskað í bókum, skapað og föndrað á meðan ég glugga í bækur eða blöð.



**Nú þarf ekki lengur að hvísla á bókasöfnum og þar er hægt að eiga ljúfar stundir við leik, grúsk og lestur. Það gildir jafnt um börn og fullorðna.**

Það er einstaklega lifandi bókaafn og enginn rykfallinn bókavörður á bak við borð," segir Kristjana brosmild um uppáhaldsbókasafnið sitt.

## Ekki bara geymsla fyrir bækur

Bókasafnsdagurinn er nú haldinn í sjöunda sinn en hann tengist Degi læsis, 8. september.

„Með Bókasafnsdeginum vekjum við athygli á mikilvægi bókasafna og hlutverki þeirra í samfélaginu. Þau eru ekki lengur bara geymsla fyrir bækur heldur gegna margþættu hlutverki," segir Kristjana um bókasöfnin sem eru sívinsæl og hafa verið dugleg að halda mikilvægi sínu með því að koma til móts við nýja tíma.

„Hlutverk bókasafnanna er að breytast. Auk hefðbundinna bóka er þar ýmsa afþreyingu að finna, bæði í hljóði og mynd, og þar eru haldin námskeið, veitt aðstoð við heimalærdóminn og Fab Lab-tilraunastofa. Þá þjóna bókasöfnin lýðræðislegu hlutverki, eins og fyrir hælisleitendur sem þar komast í tölvur til að senda tölvupóst, fá fréttir af fjölskyldu sinni og heimalandinu, og fara á Facebook," segir Kristjana og bætir við að bókasafnið sé einnig dýrmætt á tímum falskra frétta. „Þá er bókasafnið mikilvægur staður til að sannreyna heimildir og kenna okkur að þekkja hvað sé áreiðanlegt, satt, rétt og rangt."

Á okkar tímum, þegar læsi íslenskra barna og unglinga er ekki nógu gott, séu bókasöfn einnig þýðingarmikil.

„En það er líka mikilvægt fyrir foreldra og forráðamenn að taka sér bækur í hönd, lesa þær að þeim sjáandi og vera börnum sínum fyrirmynd í lestri og menningu bókmennta."

## Lestur er bestur fyrir vísindin

Þema Bókasafnsdagsins í ár er tileinkað vísindum og slagorð dagsins: Lestur er bestur – fyrir vísindin.

„Slagorðið byrjar alltaf á „Lestur er bestur" og síðan er niðurlagið þematengt. Með þemanu í ár viljum við vekja athygli á mikilvægi bókasafna í tengslum við vísindarannsóknir og störf, fræðimennsku og lærdóm," útskýrir Kristjana.



**Kristjana Mjöll J. Hjörvar er upplýsinga- og bókasafnsfræðingur á Landsbókasafni Íslands þar sem þagað er á tveimur og hálfri hæð.** MYND/SIGTRYGGUR ARI

Hún segir að bókasöfn verði alltaf hluti af samfélagi manna.

„Hlutverk safnanna breytist og tímarnir með. Þau gera öllum þjóðfélagsstigum kleift að lesa bækur á ódýran hátt því ekki hafa allir tök á því að kaupa sér bækur eins og þeir gjarnan vildu. Á bókasöfnunum er frábært úrval bóka á erlendum tungumálum, til dæmis barnabækur á pólsku, taílensku, rússnesku, dönsku, ensku og í raun hvaða tungumáli sem hugsast getur, og það eru bækur sem ekki fást í bókabúðum landsins en gegna mikilvægu menningarhlutverki fyrir útlendinga og þeirra börn. Þá er Bókasafn móðurmáls einstakt safn sem allt er unnið í sjálfboðastarfi og safnar bókum á sem flestum tungumálum svo hér sé til bókasafn fyrir fólk að utan sem hér hefur sest að."

## Gefins gullmolar

Kristjana bendir á nýtt rafbókasafn sem Íslendingar eignuðust í fyrra og almenningssöfnin eru hluti af.

„Rafbókasafnið er frábær kostur fyrir þá sem eiga bágt með að fara á bókasafn í dagsins önn. Þá geta þeir farið inn á rafboksafn.is og valið úr þúsundum titla, íslenskum og erlendum, til að njóta í næði heima og án þess að fara úr húsi."

Þó jafnist fátt á við það að gefa sér stund á bókasafni. „Á bóksafni bíður gesta notalegt andrúmsloft og hlýjar móttökur. Engar kröfur, ekkert áreiti og enginn sem ætlast til neins af manni. Það skiptir nefnilega miklu að hafa slíkt athvarf og alls ekki allir sem það eiga heima hjá sér. Hér er öllum hleypt inn, burtséð frá stétt eða stöðu, og við störfum eftir því leiðarljósi að engum sé mismunað og allir séu jafn hjartanlega velkomnir."

Mikið verður um skemmtilega viðburði á bókasöfnum landsins í tilefni Bókasafnsdagsins í dag.

„Á Landsbókasafninu, sem fagnar 200 ára afmæli í ár, verður boðið upp á veglegt bókagjafaborð þar sem fjölmargir gullmolar leynast. Borðið hefur verið mjög vinsælt undanfarin ár og er á sinn hátt umhverfisvænt því það stuðlar að því að bækur fari ekki til spillis," útskýrir Kristjana.

Á bóksafni Garðabæjar verða vöfflur og vísindi, og hægt verður að kíkja í smásjá í Bókasafni Kópavogs. Þá verður vísindaverkefnum af ýmsu tagi gert hátt undir höfði á Bókasafni Patreksfjarðar, svo fátt sé upptalið.

Á vefsíðunni bokasafn.is er hægt er að finna upplýsingar um bókasöfn landsins og fara inn á vefsíður þeirra til að sjá viðburði, sem og á Facebook til að sjá hvaða viðburðir verða í boði í dag.








# Ítalskt biscotti

Ítalir elska sitt biscotti sem þeir dýfa í sterkt kaffi eða líkjör. Það er gaman að eiga biscotti ef gesti ber að garði. Kökurnar geymast vel í loftþéttu boxi. Þessi uppskrift gefur 40 kökur.

**250 g hveiti**
**½ tsk. lyftiduft**
**250 g sykur**
**3 egg**
**Börkur af ¼ sítrónu**
**100 g pistasíur**
**100 g heslihnetur**
**75 g þurrkuð trönuber**

Hitið ofninn í 160 gráður á blæstri. Setjið hveiti, lyftiduft og sykur í hrærivélarskál. Blandið vel saman. Bætið þá eggjunum saman við ásamt berki af sítrónu. Þegar þessu öllu hefur verið blandað saman er hnetunum og trönuberjunum bætti við deigið.
Stráið hveiti á borðið og gerir tvær jafnstórar pylsur úr deiginu. Leggið á bökunarplötu sem klædd hefur verið með bökunarpappír. Þrýstið á „pylsurnar“ með höndunum þannig að þær sé ekki alveg kringlóttar. Bakið í 35 mínútur.
Takið út og kælið smástund áður en kökurnar eru skornar niður í 2 cm sneiðar. Leggið sneiðarnar á plötuna aftur með skornu hliðina upp. Bakið áfram í 20 mínútur. Snúið kökunum við og bakið áfram í 5-10 mínútur. Kælið á rist.



**Safnast verður saman fyrir framan Hallgrímskirkju klukkan 14 laugardaginn 8. september.** MYND/EYÞÓR

# Loftslagsganga í þriðja sinn

Baráttugleði verður í fyrirrúmi þegar loftslagsgangan verður gengin í þriðja sinn laugardaginn 8. september.

Krafa göngunnar í ár er að tafarlaust verði gripið til árangursríkra aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ríkisstjórnin verði að draga vagninn og greiða götuna fyrir sjálfbæru samfélagi. Að öðrum kosti muni sveitarfélögum, atvinnulífi, félagasamtökum og einstaklingum reynast erfitt að leggja sitt af mörkum.

Loftslagsgangan var áður gengin árin 2014 og 2015 og í bæði skiptin var mjög góð þátttaka. Stærsta krafa ganganna þá var að hætt yrði við olíuleit á Drekasvæðinu og var síðasta sérleyfið til olíuleitar afturkallað í mars síðastliðnum.

Safnast verður saman fyrir framan Hallgrímskirkju klukkan 14 á laugardaginn og gengið niður Skólavörðustíg, Laugaveg og Bankastræti að Lækjartorgi, þar sem haldinn verður stuttur kröfufundur.

Fólk er hvatt til að koma með kröfuspjöld.

# Síðasta stóra utanvegahlaup ársins

Utanvegahlaupið Hengill Ultra verður haldið í Hveragerði á morgun, laugardag, en aldrei hafa fleiri keppendur skráð sig til leiks. Fjöldi keppenda er um 300 og koma frá fimmtán löndum, þ. á m. Nýja-Sjálandi, Kólumbíu, Póllandi, Tékklandi og Færeyjum.

Keppt verður í nokkrum vegalengdum. Stysta hlaupið er 5 km en það lengsta 100 km. Keppni í 100 km hlaupinu hefst kl. 22 í kvöld, föstudagskvöld. Hengill Ultra er síðasta stóra hlaup sumarsins og því nokkurs konar uppskeruhátíð íslenskra hlaupara.

Þeir sem hlaupa ekki í ár en hafa áhuga á að taka þátt á næsta ári geta unnið sér inn þátttökurétt með því að starfa sem sjálfboðaliðar við hlaupið. Hver og einn þarf að skila fimm tímum í brautargæslu, klappliði, starfa á drykkjarstöð og við flögu-afhendingu eða upplýsingagjöf. Utan þess að vinna sér inn fría skráningu í hlaup að eigin vali á næsta ári fá sjálfboðaliðar poka með bol mótsins og alls kyns smágjafir frá samstarfsaðilum hlaupsins auk gjafakorts á Hamborgarafabrikkuna. Áhugasamir geta sent póst á netfangið info@hengillultra.is.



**Frá Hengill Ultra hlaupinu í fyrra.** MYND/HENGILL ULTRA




# Hlaupa lengra í góðum félagsskap

**Aldís Arnardóttir segir hlaup frábært sport. Hún er einn þjálfara hlaupahópsins Laugaskokk og segir félagsskap á hlaupum hvetjandi. Hún gefur hér þeim sem vilja út að hlaupa góð ráð.**

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@frettabladid.is



Það er mjög misjafnt hvað hentar hverjum og einum og fer eftir því hvað fólk vill fá út úr hlaupunum hvort það skráir sig í hlaupahóp. Ef tilgangurinn er að dreifa huganum og fá létta hreyfingu í leiðinni þá er kannski óþarfi að vera í hlaupahóp en ef tilgangurinn er að bæta sig í hlaupum og jafnvel taka þátt í keppnishlaupum þá mæli ég hiklaust með því að fólk komi sér inn í hlaupahóp. Það er mikið skemmtilegra að hlaupa í góðum félagsskap. Fólk fer frekar aðeins út fyrir þægindarammann og tekur fjölbreyttari og lengri æfingar. Fólk getur komið sjálfu sér skemmtilega á óvart þegar það byrjar að mæta með hlaupahóp, fer yfirleit hraðar og lengra en það hefði annars gert,“ segir Aldís Arnardóttir en hún hefur þjálfað hlaupara í hlaupahópnum Laugaskokk síðustu þrjú ár. Sjálf hefur hún æft markvist frá árinu 2013 og segir hlaupaíþróttina ávanabindandi sport.

„Um leið og fólk er komið yfir erfiðasta hjallann og farið að geta hlaupið í lengri tíma án þess að streða og púla verður þetta svo frábært sport. Maður er alltaf að keppa við sjálfan sig og bæta sig sem getur orðið ávanabindandi með tímanum.“

> **Um leið og fólk er komið yfir erfiðasta hjallann og farið að geta hlaupið í lengri tíma án þess að streða og púla verður þetta svo frábært sport.**

*Hver eru helstu mistök fólks þegar það byrjar að hlaupa?*

„Af fara of geyst af stað og ætla sér of mikið á stuttum tíma. Það er mikilvægt að setja sér raunhæf markmið og hlúa að líkamanum því það er auðvelt að enda í meiðslum ef fólk fer fram úr sér á fyrstu vikunum.“

*Hvers konar hlaupaplan hentar byrjendum?*

„Það er persónubundið hvernig líkaminn bregst við álagi og hvernig ásigkomulagi fólk er í og því mikilvægt að fólk hlusti á líkamann þegar það er að stíga sín fyrstu skref í hlaupum. Fyrir algjöran byrjanda er hægt að miða við að taka þrjár æfingar í viku og fyrstu eina til tvær vikurnar er raunhæft að skokka og labba til skiptis. Miða til dæmis við bil milli ljósastaura. Hægt og rólega er síðan hægt að lengja hlaupakaflana og þegar fólk ræður við að hlaupa lengri kafla samfleytt án erfiðleika, til dæmis í 30 mínútur, er hægt að fara yfir í fjölbreyttari hlaupaæfingar, hraðaaukningar og þess háttar.“


Aldís Arnardóttir hlaupaþjálfari gefur byrjendum í hlaupaíþróttinni góð ráð til að koma sér í gang.


Aldís ásamt manni sínum, hlauparanum Kára Steini, og syni eftir gott hlaup.

*Hversu miklu máli skiptir búnaðurinn?*

„Það mikilvægasta er að vera í góðum hlaupaskóm, en rangir skór geta leitt til hné- og mjaðmameiðsla. Síðan er alltaf betra að vera í fatnaði sem andar vel. Yfir vetrartímann er mikilvægt að klæða sig í takt við veður og klæða sig frekar meira en minna upp á að halda vöðvunum heitum.“

*Skiptir undirlagið máli?*

„Mælt er með því að að takmarka hlaup á malbiki ef möguleiki er á því. Malbikið er gott í hófi og nauðsynlegt að hlaupa eitthvað á malbiki ef stefnt er á þátttöku í götuhlaupum. Mikil hlaup á malbiki auka hins vegar líkur á álagsmeiðslum og því er gott að hlaupa sem stærstan hluta á mjúkum stígum eða grasi. Fjölbreytt undirlag og brekkur eru einnig styrkjandi og því tilvalið að gera sér ferð af og til á góða stíga eins og í Heiðmörk.“

*Er mikilvægt að teygja eða æfa eitthvað annað með?*

„Hlaup er grein sem krefst ekki mikils liðleika en samt sem áður er alltaf gott að teygja létt eftir æfingar til að viðhalda grunnliðleika. Annars er líka mjög gott að „rúlla“ vöðvana með svokölluðum foam-rúllum sem vinna á litlum vöðvahnútum og auka blóðflæðið sem flýtir fyrir endurheimt.

Skynsamlegt er að stunda styrktaræfingar með hlaupaþjálfun með áherslu á kvið og fætur. Ásamt því að styrkja líkamann ýta styrktaræfingar undir aukinn hraða, betri hlaupastíl og draga úr líkum á meiðslum. Annars fara hinar ýmsu æfingar vel með hlaupum, s.s. jóga, tabata o.fl. þar sem gott er að hafa fjölbreytni í æfingum. Ég hef sjálf til dæmis einna helst verið í Hot Yoga samhliða hlaupunum.“

**Viltu stofna fyrirtæki?**

**Hnitmiðað námskeið um félagaform, skattlagningu fyrirtækja, frádráttarbæran rekstrarkostnað, útgáfu reikninga, ábyrgð stjórnenda fyrirtækja, fjármál o.fl.**



**Námskeiðið skiptist í þrjá hluta og verður kennt þriðjudagana 18. og 25. september og 2. október kl. 16:10 – 19.**

Námskeiðsstaður er Háskóli Íslands – Oddi, stofa 206, Sturlugötu 3, 101 Reykjavík.

Sjá námskeiðslýsingu á www.lexista.is
Fyrirlesari: Anna Linda Bjarnadóttir, lögmaður, LL.M

**Nánari upplýsingar og skráning í síma 894-6090 eða á alb@lexista.is**
**Námskeiðsgjald er 45.000 kr. og greiðist við skráningu.**

**Flest stéttarfélög styrkja félagsmenn sína til þátttöku á námskeiðinu.**

Lexista

# Samgöngur

FÖSTUDAGUR 7. SEPTEMBER 2018

Kynning: Strætó



„Sumir hafa ekki einu sinni kannað hvort strætó sé hagkvæmur valkostur fyrir sig og bara ákveðið að hann henti þeim ekki. Þeir verða svo yfirleitt mjög hissa þegar þeir koma auga á að þjónustan gæti komið sér vel og uppgötva hve einfalt það er að nota strætó í dag, sérstaklega með tækninýjungum eins og appinu," segir Skúli Örn Sigurðsson, sölustjóri hjá Strætó. MYND/SIGTRYGGUR ARI

## Góður valkostur fyrir flesta

**Ef fleiri myndu nýta sér þjónustu Strætó myndi umferðin léttast mjög mikið. Strætó leggur áherslu á aukna þjónustu við alla vistvæna samgöngumáta, eins og hjólreiðar og deilibílanotkun.**

Eitt af markmiðum Strætó er að létta umferð og samnýta vistvæna samgöngumáta. Í því samhengi leggur fyrirtækið áherslu á aukna þjónustu við alla vistvæna samgöngumáta, eins og hjólreiðar og deilibílanotkun, segir Skúli Örn Sigurðsson, sölustjóri hjá Strætó. „Dæmi um þessa samþættingu eru nemakortin okkar, en með hverju 6 eða 12 mánaða korti fylgir frí áskrift og ein frí klukkustund á mánuði með deilibílum Zipcar. Nemakortin gilda í alla strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu og gefa einnig notendum aðgang að næturvögnum Strætó sem aka úr miðbænum um helgar. Í sumar var einnig boðið upp á þann möguleika að kaupa 24 klst. dagspassa í Strætó-appinu. Með dagspassanum fylgdi afsláttarkóði sem gerir notendum kleift að leigja WOW-borgarhjól fjórum sinnum yfir daginn án frekari kostnaðar. Við teljum því að það séu mörg sóknarfæri til staðar til þess að þjónusta farþega Strætó með fjölbreyttum hætti."

### Samvinna við Zipcar

Ein leið til bættari og vistvænni samgöngumáta er að styðja fyrirtæki til að hvetja starfsfólk sitt til að nota umhverfisvænan ferðamáta. Þá er því starfsfólki boðið tólf mánaða Strætókort á verði níu mánaða korts, segir Skúli. „Slík kort köllum við Samgöngukort. Þá þurfa fyrirtæki fyrst að gera Samgöngusamning við okkur en það er hægt að ganga frá því á heimasíðunni okkar. Eftir það geta starfsmenn fyrirtækisins keypt kortið og fengið þannig þrjá mánuði í Strætó frítt. Sum fyrirtæki bjóða einnig upp á samgöngustyrk þar sem starfsmenn geta fengið um 7.500 kr. skattfrjálst á hverjum mánuði gegn því að þeir nýti sér vistvænar samgöngur í vinnuna."

Skúli segir Strætó vera í góðu samstarfi við deilibílaþjónustuna Zipcar, sem leigir út bíla í skammtímaleigu með stuttum fyrirvara. „Með hverju Samgöngukorti fylgir 1 klst. prufa með þessari þjónustu og frí áskrift á tímabilinu. Hugmynd okkar með samstarfi við Zipcar er að brúa það bil sem Strætó gæti átt erfitt með að dekka, eins og þegar fólk þarf að skreppa. Strætó getur hentað vel frá stað A til staðar B en stundum er gott að geta fengið lánaðan bíl þegar notendur þurfa að skreppa á stað C. Zipcar kemur þar inn sem möguleg lausn. Þessir bílar eru staðsettir á víð og dreif um borgina svo það ætti ekki að vera langt að sækja næsta bíl."

**Framhald á síðu 2 ➜**




„Fyrir foreldra getur það verið afar hagkvæm leið til þess að minnka skutlið að kenna börnunum sínum að taka strætó,“ segir Skúli Örn Sigurðsson. MYND/SIGTRYGGUR ARI

## Aukinn umferðarþungi

Umferðin á höfuðborgarsvæðinu þyngist með hverju árinu og er talið að hún muni þyngjast um 3% í ár, miðað við árið í fyrra. Það blasir því við að aukin notkun á öðrum samgöngum létti umferðina talsvert segir hann. „Íbúar höfuðborgarsvæðisins finna svo sannarlega fyrir auknum umferðarþunga, sérstaklega á háannatímum. Þessu fylgja ýmis vandamál eins og álag á vegum, aukinn ferðatími og meiri mengun. Þegar horft er yfir umferðina á morgnana sést líka að í flestum bílum er bara ein manneskja.“

## Léleg nýting bíla

Skúli hefur því eytt góðum tíma í að heimsækja fyrirtæki og skóla til að kynna þjónustu Strætó þar sem hann reynir að opna augu fólks fyrir þessum veruleika. „Önnur hugleiðing sem ég fer yfir á kynningum mínum er að fá fólk til þess að velta fyrir sér nýtingu hvers bíls, en flestir einkabílar eru í notkun yfir afar stuttan tíma sólarhringsins. Stærstan hluta dagsins stendur hann kyrr í bílastæði fyrir framan vinnuna eða í innkeyrslunni heima.“

Mjög margar fjölskyldur eiga auk þess tvo bíla þar sem annar bíllinn er nær einungis nýttur í að koma öðrum makanum til og frá vinnu, segir hann. „Fyrir foreldra getur það verið afar hagkvæm leið til þess að minnka skutlið að kenna börnunum sínum að taka strætó í skólann, á æfingar eða í tómstundir. Við erum til að mynda í góðu samstarfi við íþróttafélagið Fjölni, en börn þar fá fylgd í strætó frá skólanum og á æfingar. Árskort fyrir 6-11 ára barn kostar 8.600 kr. og árskort fyrir 12-17 ára ungmenni kostar 21.700 kr.“

## Hagkvæmur valkostur

Skúli segist gera sér grein fyrir því að strætósamgöngur henti ekki öllum. Hins vegar sé stór hluti íbúa höfuðborgarsvæðisins sem hefur ekki prófað kerfið í mörg ár. „Sumir hafa ekki einu sinni kannað hvort strætó sé hagkvæmur valkostur fyrir sig og bara ákveðið að hann henti þeim ekki. Þeir verða svo yfirleitt mjög hissa þegar þeir koma auga á að þjónustan gæti komið sér vel og uppgötva hve einfalt það er að nota strætó í dag, sérstaklega með tækninýjungum eins og appinu.“

Hann bendir á að einfalt sé að prófa að leita að ferð á heimasíðunni, straeto.is, og þar komi skýrt fram besta leiðin á áfangastaðinn. „Það þarf einfaldlega að slá inn upphafs- og áfangastað, dagsetningu og brottfarar- eða komutíma. Vefsíðan reiknar allt út, göngutímann að næstu stoppistöð og hvað ferðalagið tekur þig u.þ.b. langan tíma. Það gæti reynst afar verðmætt að kanna málið nánar, því góðar líkur eru á að þú getir skipt út rekstrarkostnaði bíls fyrir eitt Strætókort.“



Strætó er þægilegur, vistvænn og ódýr samgöngumáti sem flestir ættu að geta nýtt oftar.



Upplýsingar um strætóferðir eru skýrar og aðgengilegar.

## Verðskrá árskorta Strætó

- 6 mánaða nemakort með Zipcar-áskrift 28.600 kr.
- 12 mánaða nemakort með Zipcar-áskrift 50.900 kr.
- Samgöngukort með Zipcar-áskrift 63.900 kr.
- Árskort fyrir 12-17 ára 21.700 kr.
- Árskort fyrir 6-11 ára 8.600 kr.




Margir verða hissa, eftir að hafa kynnt sér þjónustu Strætó, hversu einfalt er að nota strætó í dag. Sérstaklega þegar appið er notað þar sem er einfalt að leita eftir réttu ferðunum.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442 | Veffang: frettabladid.is


OFHLEÐSLA
BÁTA
Fengsælum sjómönnum kann að þykja freistandi að hlaða bát sinn út í hið óendanlega. Það getur hins vegar skapað mikla hættu þar sem ofhleðsla getur leitt til alvarlegra slysa. Gætum að öryggi okkar og siglum örugg í höfn.
Samgöngustofa
og verkefnisstjórn um öryggi sjófarenda



**Það verður einhver bið eftir því að við getum endanlega sleppt tökum af stýrinu og látið bílana sjálfa um aksturinn.** MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY

# Hindrun í vegi sjálfkeyrandi bíla

Sjálfkeyrandi bíll frá Apple lenti nýlega í árekstri í fyrsta sinn síðan prófanir Apple hófust. Slysið varpar ljósi á vandamál sem þarf að leysa áður en sjálfkeyrandi bílar komast í almenna notkun.

**Oddur Freyr Þorsteinsson**
oddurfreyr@frettabladid.is



Sjálfkeyrandi bíll í eigu Apple sem var verið að prófa í Kaliforníu lenti nýlega í umferðarslysi þegar keyrt var aftan á hann. Sjálfkeyrandi bílnum er ekki kennt um óhappið, en það virðist merkilega algengt að fólk keyri aftan á sjálfkeyrandi bíla. Sjálfkeyrandi bílar eru oft varkárari en mennskir bílstjórar gera ráð fyrir, sem veldur því að mennskir bílstjórar misreikna sig og lenda aftan á þeim. Sjálfkeyrandi bílar gætu því þurft að líkjast mennskum bílstjórum meira áður en þeir geta komist í almenna notkun, svo blönduð umferð hefðbundinna og sjálfkeyrandi bíla gangi upp.

Það var Nissan Leaf rafmagnsbíll sem keyrði aftan á sjálfkeyrandi bílinn, breyttan Lexus RX450h með sjálfstjórnandi skynjurum. Slysið átti sér stað í Sunnyvale í Sílíkondal, nálægt höfuðstöðvum Apple. Það varð kl. 15 um daginn við bestu aðstæður og er rakið til gáleysis ökumannsins sem keyrði Nissan Leaf bílinn. Bíll Apple var á um 2 km hraða og var að bíða eftir öruggu tækifæri til að beygja inn á hraðbraut, en Nissan Leaf bíllinn var á um 24 km hraða. Enginn meiddist, en bílarnir skemmdust báðir lítillega.

### Leynd yfir Project Titan

Apple-bíllinn er talinn vera hluti af metnaðarfullu en leynilegu verkefni hjá tölvurisanum sem kallast Project Titan og þetta er talið vera fyrsta slysið sem kemur upp í tengslum við það. Apple þarf að gefa skýrslur af prófunum sínum á sjálfkeyrandi bílum og þess vegna er vitað að Apple er að prófa 66 sjálfkeyrandi bíla og hefur skráð 111 ökumenn sem stjórna þeim.

Margir hafa reynt að geta sér til um hvað felst í Project Titan, þar sem Apple gefur engar upplýsingar um það. Orðrómur er á kreiki um að upphaflega hafi staðið til að hanna Apple-bíl með Apple-hugbúnaði, en að með tímanum hafi verkefnið þróast yfir í að vinna með bílaframleiðendum til að hanna tækni sem gerir bíla þeirra sjálfkeyrandi.

Það er ekki vitað hvernig verkefnið gengur, en Apple er að vinna með Volkswagen til að gera Volkswagen T6 sendibíla að sjálfvirkri skutlþjónustu fyrir starfsmenn í höfuðstöðvum Apple. Því verkefni á að ljúka fyrir árslok en því hefur heyrst fleygt að það klárist ekki á árinu og því þurfi varabílstjóri að vera til staðar.



Apple er að feta nýjar slóðir með leynilega verkefninu Project Titan.




Bílar Waymo keyra stundum óþarflega varlega fyrir mennska bílstjóra.

### Langur vegur fram undan

Tæknin í kringum sjálfkeyrandi bíla er komin nógu langt til þess að næstum öll umferðarslys þar sem sjálfkeyrandi bílar koma við sögu verða vegna mannlegra mistaka. En sjálfkeyrandi bílar þurfa ekki bara að geta keyrt örugglega, heldur verða þeir að vera öruggir í blandaðri umferð sjálfkeyrandi bíla og hefðbundinna.

Nýleg skýrsla frá tæknifréttasíðunni The Information fjallaði um stöðu mála hjá Waymo, fyrirtæki sem spratt út frá Google og er að búa til sjálfkeyrandi bíla. Þar hafa komið upp vandamál tengd því sem mennskir bílstjórar gætu kallað óþarflega varfærnislegan akstur.

Bílar Waymo stoppa stundum skyndilega í aðstæðum þar sem mennskir bílstjórar myndu skjótast í gegn, til dæmis ef þeir eru að beygja í gegnum umferð yfir akrein. Bílar Waymo koma þannig mennskum bílstjórum stundum á óvart með því að snarstoppa og þá er keyrt aftan á þá.

Þeir sem framleiða hugbúnað fyrir sjálfkeyrandi bíla gætu því þurft að láta sjálfkeyrandi bíla haga sér meira eins og fólk í akstri til að koma í veg fyrir fleiri sams konar slys, því það verður bara algengara að sjálfkeyrandi bílar blandist umferð hefðbundinni bíla í framtíðinni. Á meðan bílarnir haga sér öðruvísi í umferðinni en hefðbundnir bílar er hætt við að fólk misreikni hvað þeir ætla að gera og það getur skapað slysahættu.

Phil Koopman er prófessor við Carnegie Mellon háskólann í Pennsylvaníu og hugbúnaðarverkfræðingur sem veitir fyrirtækjum sem framleiða sjálfkeyrandi bíla ráðgjöf. Hann segir að mörg fyrirtæki séu bjartsýn á að sjálfkeyrandi bílar verði komnir í almenna notkun innan örfárra ára, en hann sé ekki sannfærður. Hann segir að þessi tækni sé enn ný og óþroskuð og það sé ekki búið að finna út úr því hvernig hún virkar. Spennan og bjartsýnin sé því ekki í takt við raunverulega stöðu tækninnar í dag. Það gæti því verið nokkuð langur vegur fram undan áður en almenningur getur treyst á bílinn til að koma sér á áfangastað.

ÚT Á GRANDA

# VEIÐIPORTIÐ

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán. – fös. kl. 9 – 18. Laugard. kl. 9 – 16. Sunnudag kl. 10-16



# ÚTSALA

## 15 - 90% AFSLÁTTUR

**SÍÐASTI DAGUR ÚTSÖLUNNAR ER Á MORGUN LAUGARDAG**

| | |
|---|---|
| Lokuð kasthjól | allt að 40% afsláttur |
| Flugustangir | allt að 70% afsláttur |
| Sjóstangir | allt að 50% afsláttur |
| Flugulínur | allt að 90% afsláttur |
| Kaststangir | allt að 50% afsláttur |
| Allir sjónaukar | 50% afsláttur |
| Vöðluskór | allt að 50% afsláttur |
| Sjóhjól | allt að 40% afsláttur |

| | |
|---|---|
| 4 spúnar í poka | 1000 kr. |
| Makrílslóðar | 2 fyrir 1 |
| Laxáháfar á | 6.500 kr. |
| Skothausar | 1.500 kr. |
| Veiðivesti | 3.500 kr. |

2 fyrir 1 af öllum spúnum

og allt annað í búðinni á miklum afslætti

**OPNUNARTÍMAR Á ÚTSÖLUNNI**

| | |
|---|---|
| mánudag - föstudag | kl. 9 – 18 |
| laugardag | kl. 9 – 16 |

veidiportid.is

**ATH. SÍÐASTI DAGUR ER Á MORGUN, LAUGARDAG**

# Fjórar bragðgóðar haustsúpur

**Þegar kólnar í veðri og myrkur færist yfir er ósköp notalegt að fá sér bragðmikla og heita súpu. Þær er hægt að gera á svo margvíslegan hátt og nýta um leið nýupptekið, ferskt grænmeti.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Íslenska kjötsúpan er alltaf mjög góð en það eru margar aðrar súpur líka. Hér eru nokkrar hugmyndir að kjötlausum súpum sem eru vel kryddaðar og hita upp kroppinn þegar haustvindar blása. Með þessum súpum er gott að hafa nýbakað brauð.



Æðisleg gulrótarsúpa sem er skemmtilega krydduð.

## Krydduð gulrótarsúpa

Þessi súpa er flauelsmjúk, litrík og ótrúlega bragðgóð. Ekki er verra að auðvelt er að útbúa hana.

### Það sem þarf:

- 1 laukur, gróft skorinn
- 4 hvítlauksrif, gróft skorin
- 4 cm fersk engiferrót, rifin niður
- 1 rauður chilli-pipar, fræin fjarlægð
- 600 g gulrætur, skornar í sneiðar
- 2 tsk. karrí
- 1 dós kókosmjólk
- 8 dl grænmetissoð
- Olía til að steikja
- Salt og pipar

### Til að skreyta:

- Mjög þunnt skornar gulrótarsneiðar
- Ferskt kóríander
- Smátt skorinn vorlaukur
- Safi og börkur af límónu

Steikið lauk, hvítlauk, engifer og chilli-pipar í potti. Dreifið karríi yfir. Bætið þá gulrótunum saman við og steikið smástund áfram. Bætið grænmetissoði og kókosmjólk út í og látið suðuna koma upp. Leyfið súpunni að malla þar til gulræturnar eru mjúkar í um það bil 20 mínútur. Maukið með töfrasprota. Bragðbætið með salti og pipar og ef til vill örlitlum límónusafa.

Setjið súpuna í skálar og skreytið með þunnum gulrótarsneiðum, vorlauk, fersku kóríander og fínt rifnum límónuberki.



Tómatsúpa með mascarpone er spennandi réttur.

## Tómatsúpa með mascarpone

Þetta er afskaplega mild og góða súpa. Mascarpone-osturinn gerir hana svolítið öðruvísi. Það er nauðsynlegt að hafa mascarpone í súpunni og hann fæst yfirleitt í verslunum en ef erfitt reynist að finna hann má notast við sýrðan rjóma.

- 3 sellerí-stönglar
- 3 gulrætur, smátt skornar
- 1 laukur, smátt skorinn
- 3 hvítlauksrif, smátt skorin
- Olía til steikingar
- 1 tsk. þurrkað basil
- ½ tsk. þurrkað óreganó
- 1 lítri grænmetissoð
- 2 dósir (400 g) hakkaðir tómatar
- 100 g mascarpone-ostur
- Salt og pipar

### Til að skreyta:

- Fersk basil
- Góð ólífuolía
- Kirsuberjatómatar

Skerið grænmetið smátt og steikið í olíu í 5-6 mínútur. Það á að mýkjast. Bætið þá soðinu og tómötunum út í og látið suðuna koma upp. Kryddið. Látið súpuna malla í um það bil 15 mínútur. Maukið súpuna með töfrasprota. Hrærið því næst mascarpone saman við og bragðbætið með salti og pipar. Setjið í skálar og skreytið með hálfum kirsuberjatómat, fersku basil og smávegis af góðri ólífuolíu.

## Blómkálssúpa með chilli og engifer

Þessi blómkálssúpa er með asískum blæ. Kröftug og bragðgóð.

- 1 blómkálshöfuð
- 3 gulrætur
- 5 hvítlauksrif
- 1 laukur
- 3 cm fersk engiferrót, rifin
- 1 rauður chilli-pipar án fræja
- 2 msk. ólífuolía
- 1 tsk. túrmerik
- 1 dós kókosmjólk
- 800 ml grænmetissoð
- Salt
- Límónusafi
- Ferskt kóríander

Hitið ofninn í 200°C. Skolið og skerið blómkál og gulrætur. Skrælið laukinn og skerið gróft niður. Setjið blómkál, gulrætur, lauk, hvítlauk, engifer og chilli-pipar í stórt eldfast mót. Dreifið ólífuolíu og túrmerik vel yfir. Bakið í 30 mínútur. Ágætt er að skilja smávegis blómkál eftir til að setja í súpuna eftir á.

Hitið upp kókosmjólk og grænmetiskraftinn. Setjið allt úr ofninum beint í soðið og hitið allt upp og leyfið að malla í smástund. Maukið síðan með töfrasprota. Setjið súpuna í skálar og skreytið með fersku kóríander og jafnvel örlitlum chilli-pipar. Gott er að kreista smávegis límónusafa yfir.

## Einföld fiskisúpa

Þessi súpa er einföld og maður getur ráðið hvaða fisktegundir notaðar eru.

- 1 hvítlauksrif, fínt skorið
- 1 blaðlaukur í sneiðum
- 2 gulrætur í bitum
- Góður biti smjör
- 1 dl hvítvín
- 1,5 lítri fiskisoð
- 1 box sýrður rjómi
- 100 g rækjur
- 400 g lax eða annar fiskur eftir smekk
- 50 g kræklingur í dós
- Dill, salt og pipar
- Sítrónubátar

Það er best að hafa ferskar risarækjur en það er auðvitað val hvers og eins. Steikið hvítlauk, blaðlauk og gulrætur í smjöri. Hellið hvítvíni og látið sjóða aðeins niður. Bætið þá fiskisoðinu saman við og látið allt malla saman. Bragðbætið með salti og pipar. Takið smávegis af súpunni og hrærið saman við sýrðan rjóma. Hellið því síðan til baka í pottinn. Hreinsið fiskinn og skerið í litla bita. Fiskurinn er settur í súpuna um það bil fimm mínútum áður en hún er borin fram. Rækjur og kræklingar þurfa enn skemmri tíma, það bara rétt að hita upp.

Setjið í diska og skreytið með smávegis dilli. Gott er að kreista örlítinn sítrónusafa yfir.

**SKRIFSTOFAN**

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um skrifstofur og skrifstofuvörur kemur út 12. september.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



**Nánari upplýsingar um auglýsingar og umfjallanir fyrir blaðið veitir;**

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Netfang, jonivar@frettabladid.is – Beinn sími 512-5429

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ


ÚTSÖLULOK
Síðustu dagar
útsölunni lýkur á
morgun laugardag
30-50%
afsláttur
icebreaker MERINO
100% Merino ullarfatnaður, stingur ekki, hlýrri og tekur ekki í sig lykt.
Einnig fáanleg í
barnastærðum
OSPREY
BAKPOKAR
Hágæða bakpokar
Eitt mesta úrval landsins
30-50%
afsláttur
Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkabakpokar • Fjallaskíðabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur
30%
afsláttur
Pottar, pönnur, prímusar, hita-og kælibrúsar ofl. frá GSI með góðum afslætti
GSI OUTDOORS
KEEN
Gönguskór
30-50%
afsláttur
Allur viðlegubúnaður
með 30% afslætti
Afsláttarborðin eru að sjálfsögðu
á sínum stað með enn betri kjörum!
FERRINO
singing rock
30%
afsláttur
Allar GRIVEL og patagonia vörur með góðum afslætti
GG·sport
Opið í dag frá 10-18
og á morgun laugardag
verður opið frá 11-16
GG·sport
BÓNUS
BYKO
Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópvogi, sími: 571 1020 www.ggsport.is
„Finndu okkur
á Facebook"



## Frábært salat

Þetta kartöflusalat á mjög vel við flest kjöt, pylsur og fisk.

**1 kg kartöflur**
**1 blómkálshaus, skorinn í litla bita**
**¼ bolli rauðlaukur, saxaður smátt**
**¾ bolli súrar smágúrkur (e. dill picles), saxaðar eða skornar í litla bita**
**¼ bolli sellerísönglar, saxaðir smátt**
**½ bolli vorlaukur, smátt saxaður**
**6 harðsoðin egg, hvert skorið í 4 hluta**
**½ bolli stökkt beikon, skorið smátt**

**Sósan:**
**¾ bollar majónes**
**¾ bollar sýrður rjómi**
**2 msk. borðedik**
**1 msk. dijonsinnep**
**1 msk ferskt dill, smátt saxað**
**Salt og pipar eftir smekk**

Skerið kartöflur í bita. Sjóðið þær með blómkálinu í léttsöltuðu vatni í 10-15 mín. Kælið. Setjið í stóra skál kartöflur, blómkál, rauðlauk, smágúrkur, sellerí og ¼ bolla af vorlauknum. Hrærið saman. Setjið í aðra skál allt hráefni fyrir sósuna. Hrærið vel og hellið í salatskálina. Smakkið til með salti og pipar. Þegar salatið er borið fram skal strá beikoni og afgangi af vorlauknum yfir ásamt eggjunum. Gott að skreyta með fersku dilli.



Hugrún og Magni. MYND/ANNA GEPPERT

## 1.200 skópör á tíu árum

Yfirlitssýningin Undraveröld Kron by Kronkron stendur nú yfir í Hönnunarsafni Íslands. Þar má sjá verk Hugrúnar Árnadóttur og Magna Þorsteinssonar sem hannað hafa um 1.200 skópör á tíu árum. Í sköpunarverki Hugrúnar og Magna mætist vandað handverk, sköpunargleði og ástríða í trylltum dansi, og á morgun, laugardag, verður boðið upp á leiðsögn með hönnuðunum sjálfum um sýninguna.

Þriðjudaginn 18. september lýkur svo sýningunni með lokaballi Hönnunarsafnsins sem standa mun frá klukkan 20 til 22. Þá leikur hljómsveitin Mabolitos sambland af uppáhalds salsanúmerum hljómsveitarmeðlima ásamt frumsömdum latínukvæðum. Hljómsveitina skipa Alexandra Kjeld með söng og spili á kontrabassa, Daníel Helgason á gítar og tres, Kristofer Rodriguez Svönuson á slagverk og Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir á básúnu og fiðlu. Þá er bara að skella sér í dansskóna.

## Byggðu ökuhæfan Bugatti úr LEGO

Leikfangaframleiðandinn LEGO byggði ökuhæfan Bugatti-sportbíl í fullri stærð að öllu leyti úr LEGO-kubbum.

Bíllinn er eins fullkomin eftirmynd af Bugatti Chiron og hægt er að gera úr LEGO-kubbum og hann er knúinn áfram af mótortækninni sem er notuð í LEGO Technic, en fer reyndar ekkert svakalega hratt.

Bíllinn var byggður úr yfir milljón LEGO Technic-kubbum af um 340 gerðum og ekkert lím var notað til að halda kubbunum saman. Bíllinn vegur rúmlega eitt og hálft tonn og vélin samanstendur af 2.304 LEGO-mótorum, 4.032 LEGO Technic-gírhjólum og 2.016 LEGO Technic-krossásum. Bíllinn er líka með vindskeið og hraðamæli úr LEGO Technic-kubbum sem virka.

LEGO segir að bíllinn sé um 5,3 hestöfl og að hönnun hans og bygging hafi tekið meira en 13.438 vinnustundir. Hugmyndin kom eftir að hönnunarlið LEGO Technic byggði módel af Chiron-bílnum sem var átta sinnum minna en hann er í raun. Bíllinn sem er í fullri stærð var svo byggður af 16 manna teymi sérfræðinga í verksmiðju LEGO í Kladno í Tékklandi.



LEGO fékk Andy Wallace, sem sér um að prófa alvöru Bugatti-bílana, til að prufukeyra LEGO-útgáfuna og það var gert á brautinni þar sem Bugatti Chiron-bíllinn var upphaflega prófaður. Hægt er að sjá prufukeyrsluna á YouTube.



# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

### Bílar til sölu



Ford Mustang.GT. Premium.8cyl. Árg.2005. Ek. 3.900.km. Uppl.í s. 892-0378

## Bátar




## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmiði. S. 616 1569

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com




## Keypt & Selt

### Til sölu




Kassagitarar í úrvali Gitarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgitarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is




Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN.IS S. 867 6677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

**HEILSUNUDD**
Nuddstofan, opið frá 10-20. einnig á laugardögum S. 561 6254.

## Húsnæði

### Húsnæði óskast

Par á fimmtugsaldri óskar eftir leiguíbúð á höfuðborgarsvæðinu. S. 773-0444

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna í boði

Need a man with some experience at fixing houses. Info: 618 5286 Þórður.

**KAFFI MILANO FAXAFENI 11**
Starfsfólk óskast í fullt starf og hlutastarf. Uppl. á staðnum eða senda á netfangið milano@simnet.is

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

# Atvinnuauglýsingar | Job.is

## Norðurál – Yfirverkfræðingur rafveitu

capacent

Norðurál óskar eftir að ráða yfirverkfræðing rafveitu, starfið heyrir undir framkvæmdastjóra viðhaldssviðs.

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi verkefni fyrir einstakling sem hefur frumkvæði og metnað í starfi og býr yfir ríkri öryggisvitund.

**Umsóknarfrestur er til og með 9. september nk.**
Sækja skal um starfið á vef Capacent, www.capacent.is. Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is)

## Sérfræðingur á kjarasviði

capacent

SFR óskar eftir að ráða sérfræðing á kjara- og félagssvið.

Leitað er að öflugum og framsæknum einstaklingi sem hefur áhuga á kjara- og réttindamálum launafólks.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. september.**

Upplýsingar og umsókn á capacent.is/s/7055

## Verkefnastjóri á sviði verklegra framkvæmda

capacent

Eik fasteignafélag leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf verkefnastjóra á sviði verklegra framkvæmda.

Nánari upplýsingar veita:
Auður Bjarnadóttir, audur.bjarnadottir@capacent.is og Hilmar G. Hjaltason, hilmar.hjaltason@capacent.is hjá Capacent Ráðningum.

**Umsóknarfrestur er til 10. september**

Upplýsingar og umsókn á capacent.is

## Aðalhagfræðingur Samkeppniseftirlitsins

intellecta

Samkeppniseftirlitið auglýsir eftir umsóknum í starf aðalhagfræðings.

Nánari upplýsingar veita:
Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins (pall@samkeppni.is) í síma 585-0700.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. september 2018.**

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

## Hagfræðingur hjá Samkeppniseftirlitinu

intellecta

Samkeppniseftirlitið auglýsir eftir umsóknum í starf hagfræðings.

Nánari upplýsingar veita:
Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og
Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins (pall@samkeppni.is) í síma 585-0700.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. september 2018.**

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

## Framkvæmdastjóri Almannaróms, Miðstöðvar um máltækni

Stjórn Almannaróms – Miðstöðvar um máltækni auglýsir eftir framkvæmdastjóra. Leitað er að drífandi eldhuga sem brennur fyrir framþróun og viðgangi íslenskunnar í heimi tækninnar..

Upplýsingar veitir:
Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á: www.hagvangur.is.
**Umsóknarfrestur er til og með 11. september nk.**

## Sjá nánar á job.is

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426

# Húsvörður

Húsfélagið að Aflagranda 40 í Reykjavík vill ráða húsvörð í hlutastarf og miðað er við 50% starfshlutfall. Í húsinu eru 60 íbúðir.

Verkefni húsvarðar eru meðal annars: almenn þrif á sameign ásamt umsjón með sorpgeymslu, eftirlit með sameign og lóð auk minniháttar viðhalds og endurbóta.

**Hæfniskröfur:**
Kostur er iðn- eða tæknimenntun, lágmarkskunnátta á tölvur, dugnaður og frumkvæði. Leitað er að snyrtilegum, laghentum og útsjónarsömum einstaklingi með frumkvæði til úrbóta. Lögð er áhersla á að umsækjandi sé jákvæður að eðlisfari og góður í samskiptum.

**Skriflegar umsóknir berist:**
Eignaumsjón hf. Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík
eða netfang starfsumsokn@eignaumsjon.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. september 2018.**

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum
### Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir

- **Aðflugsbúnaður á Akureyrarflugvelli**
- **Efnistaka í Spónsgerði, Hörgársveit**
- **Endurnýjun veitukerfa í Elliðaárdal, Reykjavík**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **8. október 2018.**


Rafmagnshjól



RHF hjól ehf.
Sími: 555 0595

Tilvalið fyrir Íslendinga


Eignasala.is
LS S: 420 6070 • LEIGUMIÐLUN SUÐURNESJA • FASTEIGNASALA
Hafnargata 90, 230 Reykjanesbæ. www.eignasala.is
*Júlíus M Steinþórsson Lögg, fasteigna, fyrirtækja og skipasali*



## Heiðarból 5, 230 Reykjanesbæ

5. herbergja 196m2 einbýlishús á vinsælum stað
Mjög vönduð eign. **Verð kr. 59.000.000.-**
Pantið skoðun í s.420-6070 eða á eignasala@eignasala.is



## VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

### Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000 info@handafl.is | **handafl.is**


Póst dreifing
við komum því til skila

PÓSTURINN KEMST ENN BETUR TIL SKILA EF...

útiljósin eru kveikt, stéttin mokuð og póstkassarnir vel merktir.

www.postdreifing.is



Vissir þú að...
Barnaheill Save the Children á Íslandi
það er bannað að mismuna börnum eftir litarhætti eða andlegri getu


# CATALINA

CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

*Best geymda leyndarmál Kópavogs*

Gullnáman

**BOLTINN Í BEINNI** UEFA NATIONS LEAGUE

**ÞJÓÐARDEILDIN**

FÖSTUDAGUR
18:30 Ítalía – Pólland

LAUGARDAGUR
16:00 Sviss – Ísland
18:45 England – Spánn

SUNNUDAGUR
16:00 Danmörk – Wales
18:45 Frakkland – Holland

*Boltatilboð*

**LIFANDI TÓNLIST**



HLJÓMSVEITIN
**SMELLUR**

*Spilar fyrir dansi*
FÖSTUDAG & LAUGARDAG
**FRÁ KL. 00.00 - 03.00**

**HAPPY HOUR ALLA DAGA FRÁ 16-19**

**FRÁBÆR HEIMILISMATUR Í HÁDEGINU**

**SÍMI 554 2166**
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

**WWW.CATALINA.IS**

# HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Fylgstu með á frettabladid.is




Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Í dag er útlit fyrir suðaustan 8 til 13 metra á sekúndu, en hvassari með suður- og vesturströndinni. Skýjað að mestu og sums staðar lítils háttar væta, en þurrt og bjart veður norðanlands. Hiti 10 til 17 stig, hlýjast fyrir norðan.




## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 8° | 10° |
| ↖ 5 | ← 1 | ↖ 6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 11° | 10° | 7° |
| ↖ 9 | ← 5 | ↖ 4 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 7° | 9° |
| → 3 | ↘ 3 | ↗ 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° | 10° | 6° |
| ↑ 1 | ↑ 2 | ↗ 3 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 1 | 6 | 3 | |
| | 2 | 1 | | | 5 | 4 | | |
| 3 | 8 | 9 | 2 | | | 1 | | |
| 9 | | | | | 7 | | | 5 |
| | 6 | | | | | 7 | 4 | |
| | 5 | | 3 | 6 | | 8 | 1 | |
| 8 | 7 | | 6 | | | | 2 | |
| 2 | | | | | 3 | | | 4 |
| | 1 | | | | 9 | | 7 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 4 | 2 | | | | 6 |
| | | | 5 | 1 | | 3 | | |
| 1 | 3 | | | 7 | 9 | 2 | | |
| 5 | 2 | | | | 1 | | | |
| 3 | | | 8 | | | 1 | | 7 |
| | | 1 | | | 4 | | 3 | |
| | | 3 | 9 | | | | | |
| 7 | | | | | 5 | 6 | | |
| | | | | | 2 | | 5 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | 6 | | | |
| | 8 | 3 | | 9 | | | 2 | 7 |
| | 5 | | 7 | | | 1 | 9 | |
| 6 | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | 5 | | | | |
| 3 | | | | | | 8 | | |
| | | | 9 | | | | | |
| | | | 8 | | 1 | 9 | 6 | |
| 8 | 1 | | | 6 | | | 7 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 7 | 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 |
| 6 | 8 | 4 | 7 | 1 | 5 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 5 | 2 | 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 5 | 2 | 8 | 4 | 6 | 3 | 1 | 9 | 7 |
| 7 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 |
| 3 | 9 | 1 | 8 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 |
| 2 | 6 | 5 | 1 | 3 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 7 | 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 1 | 2 |
| 8 | 1 | 3 | 2 | 7 | 9 | 4 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 6 | 2 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 4 | 1 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 2 | 5 | 6 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 | 1 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 2 | 1 | 4 | 6 | 3 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 9 | 7 | 8 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 4 | 2 |
| 4 | 9 | 5 | 7 | 3 | 2 | 6 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 7 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 1 | 5 | 2 | 8 | 6 | 4 | 3 | 9 |
| 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 |
| 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 5 | 9 | 7 | 8 |
| 9 | 5 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 6 | 3 |
| 2 | 6 | 8 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 8 | 6 | 2 | 5 | 9 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 |
| 6 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. langa
5. samtök
6. íþróttafélag
8. stæða
10. samtök
11. rénun
12. rétt
13. stækkuðu
15. fráerin
17. andinn

**LÓÐRÉTT**
1. ofnréttur
2. hleypa
3. sigti
4. hlé
7. markvís
9. flossilki
12. skrifa
14. þakbrún
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. lysta, 5. así, 6. fh, 8. stafli, 10. aa, 11. lát, 12. satt, 13. juku, 15. afrein, 17. sálin.
**LÓÐRÉTT:** 1. lasanja, 2. ysta, 3. sía, 4. aflát, 7. hittinn, 9. flauel, 12. skrá, 14. ufs, 16. ii.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Bronstein átti leik gegn Goldenov í Kænugarði árið 1944.

**1. Hc8! 1-0.** Norðurlandamót barna- og grunnskólasveita hefst í dag í Finnlandi. Fulltrúar Íslands eru Hörðuvalla- og Álfhólsskóli. Haustmót TR hefst á sunnudaginn. Lokafrestur til að skrá sig í lokaða flokka er á morgun.
**www.skak.is:** Ólympíufarinn.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið**



**Um 9% framhaldsskólanema hafa reynt sjálfsvíg**
Ný skýrsla landlæknis sýnir sláandi tölur. Sérfræðingar rýna í **ástæður og úrræði**.

**Hvenær er maður horfinn?**
160 manns eru skráðir á horfinna manna skrá kennslanefndar Ríkislögreglustjóra. Þó er vitað um mannshvörf sem hvergi eru á skrá.



**KALDA fær mikla viðurkenningu**
Skóhönnuðurinn Katrín Alda er komin inn á tískuvikuna í London.

**Heillaður af íslenska viðhorfinu**



Erik Hamrén mun stýra sínum fyrsta landsleik sem þjálfari íslenska karlalandsliðsins á laugardag. Fréttablaðið spjallar við hann á persónulegum nótum.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**

LG
Life's Good

# LG SUPER UHD SJÓNVARP Á ÓMÓTSTÆÐILEGU TILBOÐI!



## LG SUPER UHD TV
Nano Cell™ Display

Super UHD sjónvarp með Nano Cell skjátækninni gefur skýrari liti og betri mynd frá öllum sjónarhornum.

Multi HDR tækni Dolby Vision, webOS 3.5 netviðmóti Magic Remote fjarstýringu sem gerir allar stillingar einfaldari ásamt Netflix 4K hnappi.

30.000 AFSLÁTTUR

49SK7900

**LG 49" SUPER UHD SMART SJÓNVARP**

~~139.990~~ KR. TILBOÐ 109.990 KR.

50.000 AFSLÁTTUR

55SK7900

**LG 55" SUPER UHD SMART SJÓNVARP**

~~179.990~~ KR. TILBOÐ 129.990 KR.

60.000 AFSLÁTTUR

65SK7900

**LG 65" SUPER UHD SMART SJÓNVARP**

~~229.990~~ KR. TILBOÐ 169.990 KR.

**BETRA BORGAR SIG**

Opið virka daga 10 – 18 · Laugardaga 11 – 16

RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

# Ólíklegt að mér hafi tekist að finna upp hjólið

**Andlitsmyndir, unnar með ullarþræði í ullarvoð, eru uppistaða sýningarinnar Saga í Safnahúsi Borgarfjarðar í Borgarnesi. Það er Steinunn Steinarsdóttir myndlistarkona sem stendur á bak við þær.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





Steinunn við ullarmyndirnar á sýningunni. Þar má kenna Ólöfu frá Hlöðum og Þórberg Þórðarson. MYND/HALLDÓR ÓLI

Sýningin heitir Saga. Ég er mikill bókaormur og mig langaði að tengja hana við hin ýmsu hlutverk Safnahússins. Gamlar portrettmyndir á ljósmyndasíðu hússins urðu mér innblástur, flestar þeirra eru af óþekktu fólki og í verkum mínum gef ég því nýtt hlutverk sem sögupersónum,“ segir Steinunn Steinarsdóttir sem sýnir í Safnahúsi Borgarfjarðar. Hún myndar enn sterkari tengingu við fortíðina með því að nota ull sem efnivið. „Ullin hefur fylgt okkur gegnum aldirnar, hún er svo lifandi og skemmtilegt efni og það verður einhver dulúð í myndum úr henni. Svo finnst mér gaman að tengja listina við handverkið en varð að finna til þess nýja leið og þetta er aðferð sem þarf dálítið að hafa fyrir,“ segir Steinunn. Hún lýsir ferlinu þannig að hún bleyti ullarkembu með vatni og sápu og nuddi hana þar til hún verði þétt, síðan þræði hún myndirnar í voðina með þæfingarnál og noti bara náttúrulega sauðaliti.

Steinunn ólst upp í Tröð í fyrrum Kolbeinsstaðahreppi sem liggur vestur undir Snæfellsnesi og átti kindur á þeim tíma. Nú er hún hins vegar fjárlaus og býr og starfar í Borgarnesi við list sína. Þegar þetta samtal fer fram er hún að mála sýningar- og söluhúsnæði í Reykjavík því hún er meðal nokkurra myndlistarmanna sem eru að stofna gallerí við Skólavörðustíg 4. Það á að heita Gallerí Korka og verður opnað á næstu dögum. „Við erum um tíu og það er frekar að bætast í hópinn en hitt,“ lýsir hún. „Við ætlum öll að eiga verk í galleríinu og þau verður skemmtilegt að skoða því við erum að gera svo ólíka hluti. Auk þess er hér salur fyrir einkasýningar.“

*Það er væntanlega enginn að gera myndir eins og þú?*

„Nei, ég veit ekki um neinn sem gerir svona portrettmyndir úr ull en þó er ólíklegt að mér hafi tekist að finna upp hjólið.“

Sýning Steinunnar í Borgarnesi verður opin til 26. október. Hún er í Hallsteinssal sem er á efri hæð Safnahússins, við hliðina á bókasafninu.



# METSÖLUKILJUR!




VILDARVERÐ:
**3.199.-**
Verð: 3.999.-

Óboðinn gestur

## EFTIR SAMA HÖFUND OG HJÓNIN VIÐ HLIÐINA

**Sálfræðitryllir í hæsta gæðaflokki!**

**„Snjöll spennusaga með óvæntum snúningum … Þétt, hugvitssamleg og grípandi.“**
Heat

**„Frábær spenna og ótal sviptingar.“**
The Toronto Star

**„Kemur manni hvað eftir annað í opna skjöldu.“**
Jyllands-Posten

## MAGNAÐUR KRIMMI!

**Sagan segir að enn þann dag í dag hverfi menn sporlaust í þessu votlendi.**

**„Hrollvekjandi glæsileg frumraun á sviði glæpasagna.“**
Paula Hawkins, höfundur Konunnar í lestinni

**„Spennandi, hrollvekjandi og ógnvekjandi … mér rann kalt vatn milli skinns og hörunds.“**
NWT.se




VILDARVERÐ:
**3.199.-**
Verð: 3.999.-

Fórnarmýrin

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 10. september eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

**ANDAVEISLA**
Beinlaus og krydduð önd, 24 vefjur og hoisin sósa saman í pakka.
Ath. gott að bæta við gúrku og vorlauk.

**VEISLUMÁLTÍÐ FYRIR 4-5**
Tilbúin til upphitunar




**2.998** kr. pk.

**Aromatic Crispy Duck**
Önd, 24 vefjur og sósa

Ali

Íslenskt grísakjöt
**AF NÝSLÁTRUÐU**



**698** kr. kg

**Ali Grísabógur**
Ferskur

Matarmiklar súpur
**FULLELDAÐAR**
Aðeins að hita




**1kg**

**1.598** kr. 1 kg

**Íslensk Kjötsúpa,** 1 kg
**Mexíkósk Kjúklingasúpa,** 1 kg




**259** kr. pk.

**Hvítlauksbrauð**
Frosin, 10 sneiðar

**GOTT VERÐ**
Má frysta




**419** kr. 500 g

**500g**

**OS Smjör**
500 g

**SAMA VERÐ UM LAND ALLT**




**379** kr. pk.

**Hámark Próteindrykkur**
3 x 250 ml, 2 teg.



**295** kr. stk.

**GM Haustlyng**
í potti




**198** kr. pk.

**Myllan Lífskornabollur**
4 stk. í pakka, 2 teg.

**PRÓTEINBRAUÐ**
Inniheldur 25% prótein
Aðeins 12 g kolvetni
pr. 100 g




**398** kr. 400 g

**Bónus Próteinbrauð**
400 g

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Íslenskur
**KJÚKLINGUR**
á góðu verði




**679** kr. kg

**Bónus Kjúklingaleggir**
Ferskir



**679** kr. kg

**Bónus Kjúklingur**
Ferskur, heill






**1.198** kr. 700 g

**Rose Kjúklingalæri**
Frosin, úrbeinuð, 700 g

**1.198** kr. 700 g

**Rose Kjúklingalundir**
Frosnar, 700 g

## INDVERSK VEISLA

| | |
|---|---|
| Kjúklingakjöt 700 g | 1198 kr. |
| Hrísgrjón 500 g | 98 kr. |
| Sósa 450 g | 198 kr. |
| Naanbrauð 250 g | 298 kr. |
| Samtals matur fyrir 4 | **1792 kr.** |

## INDVERSK VEISLA




**198** kr. 450 g

**Patak's Sósur**
2 teg., 450 g

**FERSK**
Naanbrauð




**298** kr. 250 g

**Stonefire Naanbrauð**
Fersk, 2 teg., 250 g




**98** kr. 500 g

**ES Hrísgrjón**
Long Grain, 5x100g

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00



Perspi Guard
Bakteríusápa og svitastoppari
Til meðhöndlunar á vandamálum vegna ofsvitnunar
Fæst í apótekum
Dreifing: Ýmus ehf
Skoðaðu úrvalið á njottulifsins.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni




GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 · NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Whitney | 17:45 | Söngur Kanemu (ENG SUB) | 20:00 |
| Kvíðakast (Atak Paniki) | 18:00 | Kona fer í stríð (ENG SUB) | 22:00 |
| Nýjar hendur (ENG SUB) | 18:00 | Kvíðakast (Atak Paniki) | 22:15 |
| Whitney | 20:00 | Útey 22. júlí | 22:20 |




# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 7. SEPTEMBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Led Zeppelin 50 ára – Dúndurfréttir – Eldborg
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Í ár eru nákvæmlega 50 ár síðan Led Zeppelin kom fyrst fram á sjónarsviðið. Dúndurfréttir ætla af því tilefni að halda tónleika í Eldborgarsal Hörpu til að flytja lög einnar helstu rokkhljómsveitar veraldarsögunnar á sjálfu hálfrar aldar afmæli hennar.

**Hvað?** Sigmar Matthíasson – Áróra útgáfutónleikar
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Tjarnarbíó, Tjarnargötu
Bassaleikarinn Sigmar Þór Matthíasson gefur út sína fyrstu sólóplötu, Áróra, í dag. Hann fagnar útgáfunni með tónleikum á Jazzhátíð Reykjavíkur í Tjarnarbíói í kvöld kl. 19.30.



**Haldið verður upp á útgáfu annars tölublaðs Mergæxlis í kvöld á Bravó. Að blaðinu standa þeir félagar Inferno Ostur og Tælanól Æruvík.**

**Hvað?** Smá í tána #6 – Mergæxli útgáfa og tónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bravó, Laugavegi
Í kvöld á sér í sjötta sinn stað viðburður undir titlinum „Smá í tána“, á Bravó, og er það í annað sinn sem útgáfukollektívan post-dreifing kemur að undirbúningnum. Dagskráin í þetta skiptið er sérstaklega kraftmikil, en auk þriggja tónlistaratriða stendur post-dreifing, í samstarfi við Inferno Ost, fyrir útgáfu á öðru tölublaði myndasagnaheftisins Mergæxli.

### Viðburðir

**Hvað?** Nýsköpunarhádegi Gulleggsins #EngarHindranir
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands
